

Hagsmunagæsla Íslands gagnvart ESB

Forgangsmál 2020-2021

Eftirfarandi listi tekur til mála í lagasetningarferli hjá Evrópusambandinu (ESB) sem metin eru sem forgangsmál út frá hagsmunum Íslands. Slíkur listi er nú lagður fram í þriðja sinn, en sambærilegur listi var fyrst lagður fram árið 2016 og öðru sinni árið 2018. Gert er ráð fyrir að listinn taki til áraanna 2020-2021.

Framsetning listans er önnur en verið hefur hingað til. Í fyrri skiptin hefur listinn verið settur fram í formi heildaryfirlits yfir öll mál í lagasetningarferli innan ESB sem falla undir gildissvið EES-samningsins og sem skilgreind hafa verið sem forgangsmál hvað íslenska hagsmuni varðar. Nú er listinn í formi eyðublaða sem viðkomandi ráðuneyti hafa fyllt út vegna hvers og eins máls sem skilgreint hefur verið sem forgangsmál. Með þeim hætti verður undirbúningur og uppfærsla listans einfaldari en áður og sá möguleiki fyrir hendi á hverjum tíma að bæta við nýjum forgangsmálum eftir því sem þörf verður á. Með listanum hafa hvert og eitt ráðuneyti gert grein fyrir þeim málum sem þau meta sem forgangsmál á eigin málefnasviði. Á eyðublöðunum kemur meðal annars fram stutt lýsing á efni, markmiði með hagsmunagæslu Íslands og því hvernig hagsmuna skuli gætt. Jafnframt er sérstakur reitur um eftirfylgni, sem undirstrikar það að gert er ráð fyrir því að viðkomandi ráðuneyti, eða fulltrúi þess í sendiráðinu í Brussel, skrái með skipulegum hætti hvernig mál þróast og hvernig hagsmunagæslu er fylgt eftir þar sem það á við. Hvert og eitt eyðublað er síðan undirritað af viðkomandi ráðherra.

Listinn er í grunninn einskorðaður við mál sem eru á undirbúnings- eða forstigi hjá framkvæmdastjórn ESB eða mál sem komin eru á vinnslustig en þá hefur framkvæmdastjórnin þegar lagt fram tillögu að lagasetningu til ráðsins og Evrópuþingsins. Í einstaka tilfellum eru mál á listanum þar sem búið er að taka ákvörðun hjá ESB en nauðsyn er að gæta sérstaklega hagsmuna Íslands við upptöku viðkomandi gerða í EES-samninginn, t.d. með því að fara fram á aðlaganir. Við gerð listans voru meðal annars lagðar til grundvallar áherslur nýrrar framkvæmdastjórnar ESB fyrir árin 2019-2024 eins og þær komu fram í erindisbréfi forseta framkvæmdastjórnarinnar, Ursulu von der Leyen, til viðkomandi framkvæmdastjóra frá 1. desember 2019 og verkáætlun framkvæmdastjórnar ESB fyrir árið 2020 sem kom út í byrjun janúar á þessu ári og var uppfærð í maí 2020.

Það er leiðarstef nýrrar framkvæmdastjórnar að styrkja stöðu ESB á alþjóðavettvangi, m.a. til að gera sambandinu kleift að standa risaveldum á borð við Bandaríkin og Kína á sporði í utanríkismálum, en einnig á sviði tækniþróunar sem skerpt gæti samkeppnishæfni sambandsins í iðnaði og viðskiptum. Í þessu skyni hefur framkvæmdastjórnin sett fram metnaðarfullar þverfaglegar áætlanir; annars vegar græna sáttmálann, flaggskip von der Leyen, og hins vegar stafrænu starfsskrána svokölluðu. Einnig eru jafnréttismál sett á oddinn. Nýtt skipulag framkvæmdastjórnarinnar endurspeglar þessar pólitísku áherslur þar sem kastljósinu er sérstaklega beint að þverfaglegum málefnum. Þverfagleg nálgun framkvæmdastjórnarinnar kallar meðal annars á að íslenska stjórnkerfið vinni samhent að hagsmunagæslu í góðu samráði við hagsmunaaðila.

Upphaflega var fyrirhugað að gefa forgangslistann út á fyrri hluta þessa árs þegar áherslumál nýrrar framkvæmdastjórnar ESB fyrir árin 2019-2024 væru komin fram. Útgáfa listans dróst þó, m.a. vegna Covid-19 faraldursins og þeirrar miklu röskunar sem hann hafði í för með sér bæði hér á landi og innan ESB. Ráðuneytin hafa eigi að síður lagt til grundvallar þá

forangsröðun sem listinn felur í sér. Að sjálfsgöðu hefur meginverkefnið hjá ESB undanfarna mánuði verið að bregðast við faraldrinum. Ný löggjöf hefur þannig verið sett með stuttum fyrirvara til að bregðast við ástandinu og hafa EES EFTA-ríkin reynt að bregðast skjótt við og taka tafarlaust upp í EES-samninginn nýja löggjöf ESB á sviði samningsins sem felur í sér viðbrögð við faraldrinum. Gera má ráð fyrir því að með tímanum muni viðbrögð við faraldrinum koma í auknum mæli fram í langtímastefnumótun sambandsins og þar með birtast í auknum mæli í lista yfir forangsmál í EES-samstarfinu.


Efnisyfirlit

Matvælaöryggi.....	4
Neysluvatn	
Sýklalyfjaónæmi	
Lífrænn og ólífrænn áburður	
Orkumál.....	10
Orku- og loftslagsstefna ESB til 2030 (Clean Energy for All Europeans)	
Loftlagsmál- og umhverfismál	14
Græni evrópski sáttmálinn (The European Green Deal)	
Samgöngumál.....	16
Markaðseftirlit með ökutækjum	
Öryggisstjórnun vegagrunnvirkja	
Sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir flutninga með hóp bifreiðum milli landa	
Sameiginlegar reglur varðandi skilyrði sem uppfylla þarf til þess að mega starfa sem flutningsaðili á vegum	
Jafnréttismál	24
Ný kynjaáætlun ESB	
Fjármálastarfsemi	26
Eftirlitsstofnanir á fjármálamarkaði	
Sjálfbær fjármögnun	
Áhrif uppfærslu Basel III-staðla á verðtryggð fasteignalán	
Innstæðutryggingar	
Upplýsingatæknimál.....	34
Stafræn starfsskrá ESB	
Peningaþvætti.....	37
Stofnun á miðlægum eftirlitsaðila aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í Evrópu	
Rannsóknir og nýsköpun, menntun og menning.....	39
Nýjar samstarfsáætlanir ESB 2021-2027 á sviði mennta, æskulýðs-, menningar-, rannsókn- og nýsköpunarmála	
Lyfjamál	41
Rafrænir fylgiseðlar lyfja	
Vinumarkaðurinn.....	44
Lágmarkslaun	
Almannatryggingar	

Forgangslisti ríkisstjórnar vegna hagsmunagæslu Íslands gagnvart ESB

2020

<p>Málefni (á forstigi hjá framkvæmdastjórn ESB, vinnslustigi hjá ráðinu og Evrópuþinginu og ef þörf er á við undirbúning ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar) og málsnr.:</p> <p>Tilskipun um neysluvatn er á vinnslustigi hjá ráðinu og Evrópuþinginu</p>
<p>Stutt lýsing á efni/markmið:</p> <p>Reglur um neysluvatn er að finna í neysluvatnstilskipun ESB 98/38/EBE sem hefur verið innleidd í íslenskan rétt í samræmi við skuldbindingar Íslands skv. EES-samningnum. Tilgangur tilskipunarinnar er að vernda heilsu fólks gegn skaðlegum áhrifum hverskonar af völdum mengunar með því að tryggja að neysluvatn sé heilnæmt og hreint. Eftirlit með neysluvatni er í höndum heilbrigðisnefnda en samræming eftirlits er í höndum Matvælastofnunar, sem veitir jafnframt leiðbeiningar og umsagnir. Ef vatnsveitur þjóna færri en 50 manns eða 20 heimilum/sumarbústöðum þá hafa heilbrigðisnefndir ekki reglubundið eftirlit með þeim, nema veiturnar þjóni matvælafyrirtækjum. Nýjar reglur á þessu sviði geta haft mikil áhrif á starfsemi sveitarfélaga.</p>
<p>Staða máls innan ESB:</p> <p>Neysluvatn: Málið er hjá ráðinu og Evrópuþinginu.</p>
<p>Hvers vegna er málið á forgangslista?</p> <p>Tryggja þarf að breytingum á núverandi ESB-regluverki fylgi ekki óþarfa byrðar á stjórnsýsluna og að nálægðarreglan og hagsmunir sveitarfélaga séu í heiðri höfð.</p>
<p>Helstu hagsmunaaðilar á Íslandi:</p> <p>Sveitarfélög og neytendur</p>
<p>Markmið með hagsmunagæslu Íslands:</p> <p>Tryggja þarf að breytingum á núverandi ESB-regluverki fylgi ekki óþarfa byrðar á stjórnsýsluna og að nálægðarreglan og hagsmunir sveitarfélaga séu í heiðri höfð.</p>
<p>Markhópur (stofnanir ESB, þ.á m. framkvæmdastjórn, ráðið og Evrópuþingið o.fl.):</p> <p>Ráðið og Evrópuþingið</p>
<p>Tímamörk:</p> <p>2020</p>
<p>Tengiliðir hjá ESB:</p> <p>DG Environment (DG ENV), króatíska formennskan í ráðinu, Committee on the Environment, Public Health and Food Safety hjá Evrópuþinginu.</p>
<p>Tengiliður hjá EFTA-skrifstofunni:</p> <p>Margrét Sigurðardóttir/</p>
<p>Ráðuneyti sem annast hagsmunagæslu (tilgreina Reykjavík og/eða fulltrúa í Brussel):</p> <p>Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið Ólafur Friðriksson fulltrúi ANR í Brussel</p>


Skrifstofa ráðuneytis sem annast hagsmunagæslu: Skrifstofa matvæla og landbúnaðar
Hvernig skal hagsmuna gætt?
Staðfesting ráðherra 

Eftirfylgni (fundir, símtöl, formlegar tillögur o.fl. – til útfyllingar við mat á árangri):
--

Forgangslisti ríkisstjórnar vegna hagsmunagæslu Íslands gagnvart ESB

2020

<p>Málefni (á forstigi hjá framkvæmdastjórn ESB, vinnslustigi hjá ráðinu og Evrópuþinginu og ef þörf er á við undirbúning ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar) og málsnr.:</p> <p>Áætlun ESB um þol gegn sýklalyfjaónæmi er mál á forstigi hjá framkvæmdastjórn ESB</p>
<p>Stutt lýsing á efni/markmið:</p> <p>Evrópska aðgerðaáætlunin „ein heilsa“ gegn sýklalyfjapoli (the new EU One Health Action Plan against AMR) var kynnt í júní 2017. Markmið áætlunarinnar er að takast á við vandann sem felst í því að bakteríur í dýrum og mönnum eru orðnar ónæmar fyrir sýklalyfjum..</p>
<p>Staða máls innan ESB:</p> <p>Markmið áætlunarinnar er að takast á við vandann sem felst í því að bakteríur í dýrum og mönnum eru orðnar ónæmar fyrir sýklalyfjum, en ekki síður að vinna að ramma fyrir framtíðaraðgerðir gegn sýklalyfjaónæmi sem nýtast í að búa til gott regluverk og stefnumótun á þessu sviði.</p> <p>Framkvæmdastjórnin hefur í því sambandi m.a. lagt áherslu á endurskoðun löggjafar eins og t.a.m. löggjafar um dýraheilbrigði þar sem rík áhersla er lögð á eftirlit með sýklalyfjaónæmi í sýnum og gístilífisbakteríum í dýrum og matvælum með tilliti til nýrrar vísindalegrar þróunar og gagnasöfnunar. Eins liggur fyrir að endurskoða löggjöf um tilkynningu um smitsjúkdóma hjá mönnum m.t.t. nýjustu þróunar á sviði vísinda.</p> <p>Framkvæmdastjórnin hefur einnig sett í forgang að skilgreina og meta ónæmar bakteríur sem valda smitandi dýrasjúkdómum undir nýju dýraheilbrigðislöggjöfinni og með stuðningi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA), og jafnframt ef nauðsyn þykir að þróa samræmdar reglur um eftirlit með þeim.</p> <p>Eins er það stefnumál að bæta greiningu á sýklalyfjaþoli í heilbrigðisgeiranum með því að styðja við samvinnu aðildarríkjanna og tilvísunarrannsóknarstofur.</p> <p>Nú þegar má sjá afurðir þessarar vinnu sem munu ná til Íslands í gegnum EES-samninginn eins og t.d. reglugerð um dýralyf og reglugerð um markaðssetningu lyfjablandaðs fóðurs.</p>
<p>Hvers vegna er málið á forgangslista?</p> <p>Fylgjast þarf með framgangi mála sem snúast um þol gegn sýklalyfjum og hvort áætlun framkvæmdastjórnarinnar muni leiða til EES-tækra gerða á þessu sviði, í þeim tilgangi að tryggja hagsmuni Íslands hvað lýðheilsu varðar.</p>
<p>Helstu hagsmunaaðilar á Íslandi:</p> <p>Almenningur</p>
<p>Markmið með hagsmunagæslu Íslands:</p> <p>Að tryggja að Ísland sé vel undir það búíð að hugsanlegar EES-tækar gerðir sem kunna að koma í framhaldi af nýrri áætlunargerð framkvæmdastjórnarinnar verði teknar upp í EES-samninginn og innleiddar hér á landi.</p>
<p>Markhópur (stofnanir ESB, þ.á m. framkvæmdastjórn, ráðið og Evrópuþingið o.fl.):</p>

Frankvæmdastjórn ESB
Tímamörk: Óljós
Tengiliðir hjá ESB: DG Health and Food Safety (DG SANTE)
Tengiliður hjá EFTA-skrifstofunni: Margrét Sigurðardóttir
Ráðuneyti sem annast hagsmunagæslu (tilgreina Reykjavík og/eða fulltrúa í Brussel): Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið Ólafur Friðriksson fulltrúi ANR í Brussel
Skrifstofa ráðuneytis sem annast hagsmunagæslu: Skrifstofa matvæla og landbúnaðar
Hvernig skal hagsmuna gætt?
Staðfesting ráðherra 

Eftirfylgni (fundir, símtöl, formlegar tillögur o.fl. – til útfyllingar við mat á árangri):

Forgangslisti ríkisstjórnar vegna hagsmunagæslu Íslands gagnvart ESB

2020

<p>Málefni (á forstigi hjá framkvæmdastjórn ESB, vinnslustigi hjá ráðinu og Evrópuþinginu og ef þörf er á við undirbúning ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar) og málsnr.:</p> <p>Reglugerð um lífrænan og ólífrænan áburð, verið að undirbúa ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar</p>
<p>Stutt lýsing á efni/markmið:</p> <p>Reglugerðin leysir af hólmi reglugerð þingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 sem innleidd hefur verið í íslenskan rétt. Hin nýja reglugerð hefur víðara gildissvið en forveri hennar og tekur því ekki einungis til ólífræns áburðar heldur einnig lífræns áburðar/efna.</p>
<p>Staða máls innan ESB:</p> <p>Reglugerðin var samþykkt á vettvangi ESB sumarið 2019. Ísland vinnur að því með EFTA-skrifstofunni að fá undanþágu vegna innflutnings á lífrænum áburði eða aðlögunartexta.</p>
<p>Hvers vegna er málið á forgangslista?</p> <p>Tryggja að Ísland verði undanþegið innflutningi á lífrænum áburði eða geti takmarkað slíkan innflutning sökum sérstöðu Íslands vegna sjúkdóma sem ekki hafa komið upp í dýrum og plöntum vegna einangrunar landsins.</p>
<p>Helstu hagsmunaaðilar á Íslandi:</p> <p>Bændur, almenningur og neytendur</p>
<p>Markmið með hagsmunagæslu Íslands:</p> <p>Tryggja að Ísland verði undanþegið innflutningi á lífrænum áburði eða geti takmarkað slíkan innflutning sökum sérstöðu Íslands vegna sjúkdóma sem ekki hafa komið upp í dýrum og plöntum vegna einangrunar landsins.</p>
<p>Markhópur (stofnanir ESB, þ.á m. framkvæmdastjórn, ráðið og Evrópuþingið o.fl.):</p> <p>Framkvæmdastjórn ESB</p>
<p>Tímamörk:</p> <p>2020</p>
<p>Tengiliðir hjá ESB:</p> <p>DG Health and Food Safety (DG SANTE)</p>
<p>Tengiliður hjá EFTA-skrifstofunni:</p> <p>Margrét Sigurðardóttir/</p>
<p>Ráðuneyti sem annast hagsmunagæslu (tilgreina Reykjavík og/eða fulltrúa í Brussel):</p> <p>Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið Ólafur Friðriksson fulltrúi ANR í Brussel</p>

Forgangslisti ríkisstjórnar vegna hagsmunagæslu Íslands gagnvart ESB

2021

Málefni (á forstigi hjá framkvæmdastjórn ESB, vinnslustigi hjá ráðinu og Evrópuþinginu og ef þörf er á við undirbúning ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar) og málsnr.:

1. Hagsmunagæsla og aðlögun í tengslum við regluverk vegna orku- og loftslagsstefnu til 2030 (Clean Energy for All Europeans) og aðlögun í tengslum við markmið og Græni sáttmálinn um kolefnishlutleysi 2050 (European Green Deal)
2. Tilskipun um orkunýtni nr. 2012/27/EU.

Stutt lýsing á efni/markmið:

1. Heildarendurskoðun orkulöggjafar ESB undir yfirskriftinni "hrein orka fyrir alla Evrópubúa" (Clean energy for all Europeans)¹ liggur nú fyrir. Þær gerðir sem um ræðir eru tilskipanir og reglugerðir um orkunýtni bygginga, endurnýjanlega orku, orkunýtni, eftirlits- og stjórnunarkerfi og fjórar gerðir um raforkumarkaðsmál. Evrópusambandið hóf vinnu við endurskoðun löggjafarinnar til að stuðla betur að orkuskiptum og til að uppfylla skyldur Parísarsáttmálans um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Sem fyrr er leiðarljós regluverksins að bæta hag neytenda og umhverfisins ásamt því að efla hagkerfið.

Framkvæmdastjórn ESB kynnti áherslur sínar í lok árs 2019. Þar birtust metnaðarfull áform um sjálfbærni í hagkerfi Evrópu og kolefnishlutlausu álfu árið 2050. *European Green Deal* eða Græni sáttmálinn² er önnur meginstoðin í þessari stefnu, hin er *Shaping Europe's Digital Future*, eða *stafræn framtíð Evrópu*. Græni sáttmálinn nær yfir alla atvinnugeirana, þá sérstaklega samgöngur, orku, landbúnað, byggingar og iðnað. Fyrsta evrópska kolefnislöggjöfin (*climate law*) verður sett fram undir þessum sáttmála. Á meðal sjö helstu áherslna Græna sáttmálans er að auka framboð hreinnar og öruggrar orku á viðráðanlegu verði. Þetta kallar á kostnaðarsama uppstokkun orkukerfis margra ríkja auk endurskoðunar orku- og loftslagsáætlana.

Hluti af þessum pakka eru eftirfarandi nýlegar stefnur sem tengjast orkumálum beint eða óbeint:

- Iðnaðarstefna Evrópusambandsins frá því í mars 2020³
- Stefna um samþætt orkukerfi (orkunýtni, rafeldsneyti, innviðir) og vetni⁴

Gæta þarf að hagsmunum og sérstöðu Íslands, sem eru verulegir á sviði orkumála, þar sem raforkuframleiðsla á Íslandi kemur nær eingöngu frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Nauðsynlegt er að fylgjast grannt með orkulöggjöf sem er í mótun og tryggja að upptaka hennar í EES-samninginn falli að ýrtruðu hagsmunum Íslands. Starfshópur sem samanstendur af fulltrúum frá ANR, UTN og Orkustofnun vinnur hefur umsjón með verkefninu.

Drög að aðlögunartexta fyrir tilskipun um orkunýtni nr. 2012/27/EU. Innleiðing felur í sér lágmarksskuldbindingar sem fela í sér skýrslugjöf um þau verkefni sem Ísland vinnur á sviði orkunýtni og nokkrar breytingar á lögum nr.30/2008 um upprunaábyrgð á raforku sem framleidd er með

¹<https://ec.europa.eu/energy/en/topics/energy-strategy-and-energy-union/clean-energy-all-europeans>

² https://ec.europa.eu/info/strategy/priorities-2019-2024/european-green-deal_en

³ https://ec.europa.eu/info/strategy/priorities-2019-2024/europe-fit-digital-age/european-industrial-strategy_en

⁴ https://ec.europa.eu/info/strategy/priorities-2019-2024/european-green-deal/clean-energy_en

<p>endurnýjanlegum orkugjöfum. Nánari upplýsingar er að finna í minnisblaði til ráðherra dags. 1.7.2020 og í eyðublaði fyrir 5.gr. feril um þinglega meðferð.</p> <p>Heildarundanþága hefur fengist fyrir tilskipun orkunýtni bygginga nr. 2010/31/EU.</p>
<p>Staða máls innan ESB: Endurskoðunin hófst með tillögum framkvæmdastjórnar ESB í lok árs 2016 og samþykkt Evrópuráðsins á fjórum gerðum í maí og desember 2018 og þeim fjórum síðustu þann 22. maí 2019 síðastliðinn.</p>
<p>Hvers vegna er málið á forgangslista? Eitt af meginatriðum orkusambandsins er aukið orkuöryggi og því fylgir aukin áhersla á sjálfstæða orkuframleiðslu ríkjanna og bættu innviði eða tengingar milli ríkja innan ESB. Tillögur Evrópusambandsins, „Hrein orka fyrir alla Evrópubúa“, sem lagðar voru fram af framkvæmdastjórn ESB í nóvember 2016, hafa nú verið samþykktar. Um er að ræða löggjöf um orkunýtni, endurnýjanlega orku, raforkumarkaðinn og eftirlits- og stjórnunarkerfi sem sniðin er að orku- og loftslagsstefnu ESB til 2030 og markmiðum um orkusamband Evrópu.</p> <p>Ísland hefur ákveðna sérstöðu í orkumálum, sem núverandi undanþágur Íslands frá tilskipun um orkunýtni bygginga eru grundvallaðar á. Um 99% af byggingum á Íslandi eru hituð með endurnýjanlegum orkugjöfum. Áframhaldandi undanþága er réttlætt þannig að minnkun útblásturs gróðurhúsalofttegunda og þörf fyrir að draga úr innflutningi jarðefnaeldsneytis eigi ekki við á Íslandi. Sérstaða Íslands er sem fyrr segir fólgin í mjög hárrí hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa. Sömu sjónarmið eiga við að breyttu breytanda varðandi undanþágu frá tilskipunum um orkunýtni. Tímabundin undanþága frá tilskipun um orkunýtni bygginga 2010/31/EU var veitt um mitt ár 2019, með skilyrði um að ný tilskipun 2018/844 verði metin og tekin upp að hluta ef á við á Íslandi, t.a.m. varðandi tengingar fyrir rafbíla.</p> <p>Aðlögun þarf fyrir tilskipun um orkunýtni 2012/27/EU.</p>
<p>Helstu hagsmunaaðilar á Íslandi: Orkufyrirtæki, neytendasamtök, SVP, SA, SI og fleiri eftir málefnum.</p>
<p>Markmið með hagsmunagæslu Íslands: Í ákveðnum tilvikum þarf aðlögun vegna sérstöðu Íslands í orkumálum og/eða ef um íþyngjandi regluverk er að ræða sem ekki fellur að aðstæðum landsins.</p>
<p>Markhópur (stofnanir ESB, þ.á m. framkvæmdastjórn, ráðið og Evrópuþingið o.fl.): Framkvæmdastjórn ESB</p>
<p>Ráðuneyti sem annast hagsmunagæslu (tilgreina Reykjavík og/eða fulltrúa í Brussel): Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti</p>
<p>Skrifstofa ráðuneytis sem annast hagsmunagæslu: Skrifstofa orku, iðnaðar og viðskipta</p>
<p>Hvernig skal hagsmuna gætt? Hreinorkupakkinn mun koma til skoðunar á vettvangi EES/EFTA á komandi vetri hjá vinnuhópi EFTA um orkumál. Mun hann þar verða ítarlega rýndur og kynntur, og í framhaldi af því setja viðkomandi</p>

EFTA-ríki fram sínar kröfur um undanþágur og/eða aðlaganir eftir þörfum. Í framhaldi af því hefjast viðræður EFTA-ríkjanna við framkvæmdastjórn ESB um undanþágur og/eða aðlaganir fyrir EFTA-ríkin innan EES. Endar það ferli með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um upptöku viðeigandi gerða í EES-samninginn. Má gera ráð fyrir að þetta ferli taki að lágmarki 4-5 ár.

Fram hefur komið að íslensk stjórnvöld munu efla hagsmunagæslu varðandi hreinorkupakkann og er verkefnið á forgangslista ríkisstjórnarinnar um EES-mál. Á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis hefur verið settur á laggirnar starfshópur með fulltrúum ráðuneytisins, utanríkisráðuneytisins og Orkustofnunar til að halda utan um þá hagsmunagæslu og rýnivinnu sem framundan er vegna hreinorkupakkans. Mun starfshópurinn í þeirri vinnu hafa náð samráð við hagsmunaaðila. Í raun hófst það samráð þegar haustið 2017, þegar gerðirnar voru í mótun af hálfu ESB. Í samræmi við reglur Alþingis um þinglega meðferð EES-mála verða viðkomandi þingnefndir Alþingis upplýstar með reglubundnum hætti um gang málsins, þ.m.t. um beiðnir um undanþágur og aðlaganir vegna gerða hreinorkupakkans fyrir upptöku þeirra í EES-samninginn.

Staðfesting ráðherra



Eftirfylgni (fundir, símtöl, formlegar tillögur o.fl. – til útfyllingar við mat á árangri):

Forgangslisti ríkisstjórnar vegna hagsmunagæslu Íslands gagnvart ESB

2020

<p>Málefni (á forstigi hjá framkvæmdastjórn ESB, vinnslustigi hjá ráðinu og Evrópuþinginu og ef þörf er á við undirbúning ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar) og málsnr.:</p> <p>Græni evrópski sáttmálinn (The European Green Deal), COM(2019) 640 final</p>
<p>Stutt lýsing á efni/markmið:</p> <p>Framkvæmdarstjórn ESB hefur sett fram það markmið að Evrópa verði fyrsta kolefnishlutlaus heimarsálfan fyrir árið 2050. Til þess að ná þessu markmiði hefur framkvæmdastjórnin kynnt metnaðarfullan aðgerðapakka, Græna evrópska sáttmálann (The European Green Deal), sem ætti að leiða til hagsbóta fyrir íbúa og fyrirtæki við umskipti fyrir í grænt hagkerfi. Sáttmálinn er vegvísir um þær aðgerðir sem gripið verður til í því skyni að ná framangreindu markmiði. Sáttmálanum er skipt í 7 áherslusvið:</p> <ol style="list-style-type: none">1. Hrein orka – tækifæri fyrir nýja hreina orkugjafa2. Sjálfbær iðnaður – aðgerðir til að tryggja sjálfbærari og umhverfisvænni framleiðsluferli3. Byggingariðnaður – þörf fyrir hreinni byggingariðnað4. Sjálfbær ferðamáti – áhersla á sjálfbærari samgöngur5. Líffræðilegur fjölbreytileiki – aðgerðir til að tryggja viðkvæma vistkerfið okkar6. Frá býli til matar – aðgerðir til tryggja sjálfbærari matvælaframleiðslu7. Dregið úr mengun – aðgerðir til þess að draga úr mengun <p>Löggjafartillögur í sáttmálanum sem sérstök áhersla verður lögð á:</p> <ol style="list-style-type: none">1. Ljóst er að ráðast þarf í frekari aðgerðir en Parísarsamningurinn kveður á um til þess að markmið um kolefnishlutleysi árið 2050 nái fram að ganga, m.a. breytingar á viðskiptakerfi ESB með gróðurhúsalofttegundir.2. Væntanleg löggjöf ESB um markmið varðandi kolefnishlutleysi árið 2050.
<p>Staða máls innan ESB:</p> <p>Sáttmálinn hefur verið lagður fram. Nánari aðgerðir og fyrstu löggjafartillögur verða kynntar á fyrstu 100 dögum nýrrar framkvæmdarstjórnar ESB.</p> <p>Gert er ráð fyrir að tillögur um hert markmið ESB um 50-55% samdrátt í losun verði settar fram sumarið 2020 og að tillaga varðandi nauðsynlegar breytingar á löggjöfinni liggja fyrir í júní 2021.</p>
<p>Hvers vegna er málið á forgangslista?</p> <p>Loftslagsmál eru ekki einungis á verksviði umhverfis- og auðlindaráðuneytis heldur ná þau einnig til þátta á verksviði fleiri ráðuneyta, svo sem varðandi orku- og samgöngumál sem falla undir verksvið ANR og SRN. Loftslagsmálin varða auk þess flesta atvinnugreinar, samgöngur, landnotkun og aðra starfsemi. Þau eru fyrirferðarmikil í alþjóðlegri umræðu á æðstu stigum og sá þáttur umhverfismála sem hefur fengið mest vægi á alþjóðavísu á undanförunum árum. Ísland hefur að mörgu leyti mikla sérstöðu í loftslagsmálum, bæði á heimsvísu og í samanburði við ríki ESB. Það eru því miklir og margbrotnir hagsmunir í húfi og sinna þarf loftslagsmálum vel á næstu misserum.</p>
<p>Helstu hagsmunaaðilar á Íslandi:</p> <p>Almenningur, sveitarfélög, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök atvinnulífsins o.fl.</p>
<p>Markmið með hagsmunagæslu Íslands:</p>

Að fylgjast með framkvæmd á græna sáttmálunum og hvernig helstu aðgerðir munu hafa áhrif á löggjöf hér á landi. Jafnframt að fylgjast með útfærslu á væntanlegri löggjöf um kolefnishlutleysi og taka þátt í tæknilegri vinnu við ákvarðanir um reglur og viðmið fyrir einstakar greinar og aðgerðir í gegnum viðeigandi ESB-nefndir.

Markhópur (stofnanir ESB, þ.á m. framkvæmdastjórn, ráðið og Evrópuþingið o.fl.):
Framkvæmdastjórn (DG Clima), ráðið og Evrópuþingið.

Tímamörk:
Viðvarandi verkefni næstu ár.

Tengiliðir hjá ESB:
DG Clima

Tengiliður hjá EFTA-skrifstofunni:
Olav Mydland

Ráðuneyti sem annast hagsmunagæslu (tilgreina Reykjavík og/eða fulltrúa í Brussel):

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti:
Danfríður Skarphéðinsdóttir (Reykjavík)
Helga Barðadóttir (Reykjavík)
Kjartan Ingvarsson (Reykjavík)
Íris Bjargmundsdóttir (Brussel)

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti


Skrifstofa ráðuneytis sem annast hagsmunagæslu:

Skrifstofa hafs, vatns og loftslags
Skrifstofa umhverfis og skipulags

Hvernig skal hagsmuna gætt?

Þátttaka í óformlegum fundum umhverfisráðherra ESB
Þátttaka í formlegum og óformlegum fundum framkvæmdarstjórnar ESB um loftslagsmál
Þátttaka í nefndum og sérfræðingahópum ESB varðandi loftslagsmál

Staðfesting ráðherra



Eftirfylgni (fundir, símtöl, formlegar tillögur o.fl. – til útfyllingar við mat á árangri):

Samb.

Þ. Þ. Þ.

Forgangslisti ríkisstjórnar vegna hagsmunagæslu Íslands gagnvart ESB

2020

Málefni (á forstigi hjá framkvæmdastjórn ESB, vinnslustigi hjá ráðinu og Evrópuþinginu og ef þörf er á við undirbúning ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar) og málsnr.:

REGULATION (EU) 2018/858 OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL of 30 May 2018 on the approval and market surveillance of motor vehicles and their trailers, and of systems, components and separate technical units intended for such vehicles, amending Regulations (EC) No 715/2007 and (EC) No 595/2009 and repealing Directive 2007/46/EC

Stutt lýsing á efni/markmið: Með reglugerð 2018/858 er Evrópusambandið að bregðast við því að framleiðendur hafa verið staðnir að því að leggja fram rangar upplýsingar við útgáfu gerðarviðurkenninga, m.a. um losun gróðurhúsalofttegunda. Með reglugerðinni er innleiddur fjöldi verndarráðstafana sem eiga að fyrirbyggja að kröfum sem gerðar eru við veitingu viðurkenningu ökutækja, kerfa, íhluta og aðskilinna tæknieininga sé misbeitt. Mikilvægt er að umræddar verndarráðstafanir séu skilvirkar svo fyrirbyggja megi misnotkun viðurkenningarferlisins í framtíðinni. Núverandi kröfur til gerðarviðurkenninga eru því að herðast. Þetta er gert í því skyni að tryggja eðlilega virkni innri markaðarins bæði með tilliti til viðskiptahagsmuna og neytendahagsmuna.

Staða máls innan ESB: Gengið hefur verið frá drögum að ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar af hálfu EFTA-skrifstofunnar. Í þeim eru drög að aðlögunartexta fyrir Ísland um að krafa reglugerðarinnar um að prófanir á nýjum ökutækjum taki ekki gildi hér á landi með þeim hætti sem reglugerðin setur fram. Þau drög verða von bráðar send utanríkisþjónustu ESB til meðferðar. Líkur benda til að utanríkisþjónusta ESB verði að fá samþykki ráðsins áður en aðlögunartexti fyrir Ísland verði samþykktur. Því má gera ráð fyrir því að málið verði rætt innan ESB til áramóta 2020/2021 jafnvel lengur.

Hvers vegna er málið á forgangslista? Umtalsverðir fjárhagslegir hagsmunir gætu verið tengdir því að ekki verði gengið lengra en nauðsynlegt er. Í reglugerðinni eru tilteknar ýmsar aðgerðir til að bæta markaðseftirlit og neytendavernd sem ekki eru gerðar athugasemdir við. Hins vegar eru í reglugerðinni kröfur um sérstaka prófun og skoðun nýrra ökutækja. Prófunin skal gerð áður en eigandi tekur við ökutækinu og snýst um hvort ökutækið sé í samræmi við gerðarviðurkenningu frá framleiðanda. Samkvæmt kröfu í reglugerðinni þyrfti að skoða 5 ökutæki árlega hér á landi. Tilgreint er að sú eining sem fer með það markaðseftirlit sem gerðar eru kröfur um í reglugerðinni skuli vera sjálfstæð. Þetta fyrirkomulag gæti haft mikinn kostnað í för með sér. Það er metið svo að hæfniskröfur reglugerðarinnar geri það að verkum að Samgöngustofa sé vanhæf til þess að sinna þessu eftirliti. Því þarf að byggja upp sérþekkingu og, aðstöðu á öðrum stað í íslenski stjórnarsýslu. Erfitt er að ímynda sér slíka skoðun án aðkomu Samgöngustofu því sérþekking á þessu sviði liggur þar. Kröfur í reglugerðinni eru ekki skýrar um framkvæmd þessa markaðseftirlits, þ.e. ekki liggur fyrir hvernig prófunin skuli fara fram og hversu ítarleg hún þarf að vera og þar af leiðandi hvaða hæfni og búnað þarf til. Því ríkir nokkur óvissa um kröfur um framkvæmd og líklegt að hún feli í sér töluverðan kostnað við innleiðingu og framkvæmd.

Helstu hagsmunaaðilar á Íslandi: Samgöngustofa og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið. Hugsanlega ANR og Neytendastofa.

Markmið með hagsmunagæslu Íslands: Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að ákveðið úrtak ökutækja falli undir markaðseftirlit árlega.

Markhópur (stofnanir ESB, þ.á m. framkvæmdastjórn, ráðið og Evrópuþingið o.fl.): Markhópurinn utanríkisþjónusta ESB og ráðið.

Tímamörk: Áður en samkomulag verður milli utanríkisþjónustu ESB og ráðsins um aðlögunartexta fyrir Ísland þarf að koma sjónarmiðum Íslands til að tryggja að Evrópusambandið sé meðvitað um stöðu Íslands og hagsmuni í málinu.

Tengiliðir hjá ESB: Tengiliðir Fulltrúar í ráðinu og hjá utanríkisþjónustu ESB.

Tengiliður hjá EFTA-skrifstofunni: Elísabet Ólafsdóttir hjá EFTA-skrifstofunni í Brussel.

Ráðuneyti sem annast hagsmunagæslu (tilgreina Reykjavík og/eða fulltrúa í Brussel):
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Skrifstofa ráðuneytis sem annast hagsmunagæslu: Skrifstofa samgangna

Hvernig skal hagsmuna gætt? Með kynningu á sjónarmiðum Íslands í þessum efnum bæði á formlegum fundum og óformlegum.

Staðfesting ráðherra

Eftirfylgni (fundir, símtöl, formlegar tillögur o.fl. – til útfyllingar við mat á árangri):


Forgangslisti ríkisstjórnar vegna hagsmunagæslu Íslands gagnvart ESB

2020

<p>Málefni (á forstigi hjá framkvæmdastjórn ESB, vinnslustigi hjá ráðinu og Evrópuþinginu og ef þörf er á við undirbúning ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar) og málsnr.: <i>Tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um að breyta tilskipun 2008/96/EB um öryggisstjórnun vegagrunnvirkja. (SRN18060003)</i></p>
<p>Stutt lýsing á efni/markmið: Hér er verið að leggja til breytingar á tilskipun Evrópusambandsins um öryggisstjórnun vegakerfa. Öryggisstjórnun vegakerfa snýst um kerfisbundna rýni á ástandi þeirra og umhverfi. Sem dæmi má nefna nálægð stórgrýtis við vegi. Einnig má nefna sem dæmi vídd beygja með hliðsjón af umferð, tegund umferðar og hraða. Reglugerðin hefur fyrst og fremst þau áhrif hér á landi að auka umferðaröryggi. Þrátt fyrir að sum aðildarríki vinni mikið verk í þessum efnum á hverju ári hverju til að koma í veg fyrir alvarleg slys hefur tíðni banaslysa í umferð innan Evrópusambandsins ekki lækkað á undanförunum árum.</p>
<p>Staða máls innan ESB: Málið er rætt milli Evrópuþingsins og ráðherraráðsins um þessar mundir. Svo hefur verið í a.m.k. tvö ár. Líkur benda til að nokkurn tíma taki að leiða það til lykta. Þá er málið rætt á öðrum stöðum. M.a. hefur verið skapaður vettvangur þar sem eiga sæti nokkur ríki ESB með Noregi og Svíss þar sem hagsmunir fara saman.</p>
<p>Hvers vegna er málið á forgangslista? Umtalsverðir fjárhagslegir hagsmunir eru tengdir því að ekki verði gengið lengra en nauðsynlegt er. Því er nauðsynlegt að á meðan málið er hjá Evrópuþinginu og ráðherraráði ESB að koma okkar sjónarmiðum á framfæri. Þegar gerðin er tilbúin þarf að tryggja að gerðar verði allar nauðsynlegar aðlaganir.</p>
<p>Helstu hagsmunaaðilar á Íslandi: Vegagerðin sem veghaldari, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið</p>
<p>Markmið með hagsmunagæslu Íslands: Tillagan felur í sér útvíkkun á gildissviði reglugerðar um umferðaröryggisstjórnun vegamannvirkja þannig að aðferðum umferðaröryggisstjórnunar verði ekki einungis beitt á vegum sem tilheyra því sem skilgreint hefur verið sem samevrópska flutningsnetið (TEN-T kerfið) heldur einnig á stofnvegum og hraðbrautum. Slík niðurstaða getur haft íþyngjandi fjárhagsleg áhrif á íslenska ríkið og er illsamræmanleg nálægðarreglunni. Stefna ætti að því að ekki verði gengið lengra en nauðsynlegt er til að tryggja öryggi vegfarenda.</p>
<p>Markhópur (stofnanir ESB, þ.á m. framkvæmdastjórn, ráðið og Evrópuþingið o.fl.): Markmiðið er að hafa áhrif á fulltrúa á Evrópuþinginu og í ráðherraráðinu hvort heldur er á formlegum fundum eða með óformlegum samskiptum. Þegar gerðin hefur verið samþykkt verður markhópurinn framkvæmdastjórnin/utanríkisþjónusta hennar EEAS.</p>
<p>Tímamörk: Áður en samkomulag verður milli þingsins og ráðsins um endanlega gerð þarf að vera tryggt að Evrópusambandið sé meðvitað um stöðu Íslands og hagsmuni í málinu.</p>
<p>Tengiliðir hjá ESB: Fulltrúar í samgöngunefndum ráðsins. Fyrst og fremst í nefndum sem fjalla um flutninga á landi og nefndir sem fjalla um efni tengt fleiri samgöngumátum en einum.</p>
<p>Tengiliður hjá EFTA-skrifstofunni: Kjersti Tuusvik. Starfsmaður vinnuhóps um samgöngur, <i>Working Group on Transport</i>, á hverjum tíma hjá EFTA-skrifstofunni.</p>
<p>Ráðuneyti sem annast hagsmunagæslu (tilgreina Reykjavík og/eða fulltrúa í Brussel): Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið</p>
<p>Skrifstofa ráðuneytis sem annast hagsmunagæslu: Skrifstofa samgangna</p>

Hvernig skal hagsmuna gætt? Með kynningu á sjónarmiðum Íslands í þessum efnum bæði á formlegum fundum og óformlegum með viðeigandi fulltrúum ESB.

Staðfesting ráðherra



Eftirfylgni (fundir, símtöl, formlegar tillögur o.fl. – til útfyllingar við mat á árangri):

Forgangslísti ríkisstjórnar vegna hagsmunagæslu Íslands gagnvart ESB

2020

Málefni (á forstigi hjá framkvæmdastjórn ESB, vinnslustigi hjá ráðinu og Evrópuþinginu og ef þörf er á við undirbúning ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar) og málsnr.:

Proposal for a Regulation of the European Parliament and of the Council amending Regulation (EC) No 1073/2009 on common rules for access to the international market for coach and bus services. (SRN17110038)

Stutt lýsing á efni/markmið: Markmiðið með gerðinni er að efla þjónustu hópferðabifreiða sem raunhæfan valkost við einkabifreiðina. Reglugerð EB nr. 1073/2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir flutninga með hópþifreiðum milli landa er um tiltekna farþegaflutninga á vegum milli landa innan EES, m.a. tilhögun leyfisveitinga, eftirlit með flutningastarfsemi, viðurlög, rafræna landskrá o.fl. Helstu vandamál eru hindranir á innlendum mörkuðum við þróun áætluðarferða og flutninga með hópþifreiðum og lágt hlutfall sjálfbærra farþegaflutninga. Ætlunin er að lagfæra þetta nú. Með gerðinni verða breytingar sem eru ívilnandi fyrir rekstraraðila auk þess sem léttir á stjórnarsýslubrýði stjórnvalda.

Ein stærsta breytingin felst í því að lagt er til að gerðar verði talsverðar breytingar á gildissviði reglugerðarinnar. Reglugerðin tekur í dag aðeins til tímabundinna fólksflutninga með hópþifreiðum sem gerðar eru fyrir fleiri en níu farþega, af hálfu fyrirtækis með staðfestu í öðru aðildarríki en flutningarnir fara fram í. Í tillögum framkvæmdastjórnarinnar er lagt til að gildissviðið verði útvíkkað og reglugerðin látin taka til fólksflutninga af hálfu fyrirtækis með staðfestu í öðru aðildarríki, óháð því hvort um tímabundna flutninga sé að ræða eða ekki. Þannig verði fyrirtækjum með staðfestu í öðrum aðildarríkjum almennt heimilað að stunda farþegaflutninga í gistiríki.

Önnur stór breytingi felst í ákvæði 3. gr. a um sjálfstæðan eftirlitsaðila en það ákvæði gæti falið í sér aukinn kostnað fyrir ríkið. Heimilt er að um sé að ræða eftirlitsaðila sem er nú þegar starfandi. Skörun gæti orðið við starfssvið dómsmálaráðuneytisins vegna vegaeftirlits lögreglunnar.

Í gildandi reglugerð eru gestaflutningar ekki skýrt skilgreindir og sem dæmi takmarkast gestaflutningar í öðrum aðildarríkjum en þeim sem flutningsaðili er með staðfestu í ekki við ákveðinn dagafjölda.

Staða máls innan ESB: Málið er rætt milli Evrópuþingsins og ráðherraráðsins um þessar mundir. Svo hefur verið í a.m.k. tvö ár. Líkur benda til að nokkurn tíma taki að leiða það til lykta. Þá er málið rætt á öðrum stöðum.

Hvers vegna er málið á forgangslista? Ein stærsta breytingin felst m.a. í ákvæði 3. gr. a um sjálfstæðan eftirlitsaðila sem felur í sér tiltekin verkefni. Sú breyting gæti falið í sér kostnað. Þá er lagt til að gerðar verði breytingar á gildissviði reglugerðarinnar þannig að það takmarkist ekki við tímabundna flutninga flutningsaðila með staðfestu í öðru aðildarríki heldur falli þar undir allir flutningar á farþegum með hópþifreiðum. Slík breyting gæti komið sér illa fyrir flutningsaðila með staðfestu á Íslandi. Gestaflutningar eru ekki skýrt skilgreindir og því er erfitt að framfylgja ákvæðum um slíka flutninga.

Helstu hagsmunaaðilar á Íslandi: Vegagerðin sem veghaldari, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Markmið með hagsmunagæslu Íslands: Tillagan felur m.a. í sér útvíkkun á gildissviði reglugerðar um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir flutninga með hópbifreiðum milli landa þannig að opnað verði fyrir aðgengi farþegaflutninga fyrirtækja sem hafa staðfestu í öðrum EES ríkjum óháð því hvort um tímabundna flutninga sé að ræða. Stefna ætti að því að hafa áhrif á mótun gerðarinnar þannig að fyrirtækjum verði gert að hafa staðfestu í því ríki sem flutningar eru stundaðir í. Þá ætti að stefna að því að ekki verði gengið lengra en þörf er á að því er varðar skyldu aðildarríkja til að koma á fót sjálfstæðum eftirlitsaðila. Loks ætti að stefna að því að gestaflutningar skv. gildandi reglugerð verði skilgreindir á skýrari hátt en nú er, sem dæmi með því að takmarka gestaflutninga við ákveðinn dagafjölda.

Markhópur (stofnanir ESB, þ.á m. framkvæmdastjórn, ráðið og Evrópuþingið o.fl.): Markmiðið er að hafa áhrif á fulltrúa á Evrópuþinginu og í ráðherraráðinu hvort heldur er á formlegum fundum eða með óformlegum samskiptum. Þegar gerðin hefur verið samþykkt verður markhópurinn framkvæmdastjórnin/utanríkisþjónusta hennar EEAS.

Tímamörk: Áður en samkomulag verður milli þingsins og ráðsins um endanlega gerð þarf að vera tryggt að Evrópusambandið sé meðvitað um stöðu Íslands og hagsmuni í málinu.

Tengiliðir hjá ESB: Fulltrúar í samgöngunefndum ráðsins. Fyrst og fremst í nefndum sem fjalla um flutninga á landi og nefndir sem fjalla um efni tengt fleiri samgöngumátum en einum.

Tengiliður hjá EFTA-skrifstofunni: Kjersti Tuusvik. Starfsmaður vinnuhóps um samgöngur, *Working Group on Transport*, á hverjum tíma hjá EFTA-skrifstofunni.

Ráðuneyti sem annast hagsmunagæslu (tilgreina Reykjavík og/eða fulltrúa í Brussel): Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Skrifstofa ráðuneytis sem annast hagsmunagæslu: Skrifstofa samgangna

Hvernig skal hagsmuna gætt? Með kynningu á sjónarmiðum Íslands í þessum efnum bæði á formlegum fundum og óformlegum með viðeigandi fulltrúum ESB.

Staðfesting ráðherra




Eftirfylgni (fundir, símtöl, formlegar tillögur o.fl. – til útfyllingar við mat á árangri):

Forgangslisti ríkisstjórnar vegna hagsmunagæslu Íslands gagnvart ESB

2020

<p>Málefni (á forstigi hjá framkvæmdastjórn ESB, vinnslustigi hjá ráðinu og Evrópuþinginu og ef þörf er á við undirbúning ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar) og málsnr.: <i>Proposal for a Regulation of the European Parliament and of the Council amending Regulation (EC) No 1071/2009 and Regulation (EC) No 1072/2009 with a view to adapting them to developments in the sector (SRN17060049)</i></p>
<p>Stutt lýsing á efni/markmið: Með tillögunni á að bæta úr annmörkum á tveimur reglugerðum Evrópusambandsins. Annars vegar 1071/2009 um sameiginlegar reglur um skilyrði til þess að mega starfa sem flutningsaðili á vegum. Hins vegar 1072/2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir farmflutninga á vegum milli landa.</p> <p>Helstu annmarkar eru taldir vera annars vegar mismunandi stig eftirlits í aðildarríkjum og hins vegar skortur á samvinnu milli aðildarríkja.</p> <p>Einnig má nefna atriði eins og:</p> <ul style="list-style-type: none">• ónákvæmar skilgreiningar á virkri og traustri starfsstöð• tíminn sem þarf að líða þar til gott orðspor er endurvakið er hvergi skilgreindur• Sum ríki nýta sér heimild til að gera viðbótarkröfur á fyrirtæki sem starfa sem flutningsaðilar á vegum, önnur ekki.• ákvæði um gestaflutninga eru ekki nákvæm. Sem dæmi um slíkt má nefna ákvæði um fjölda leyfðra hleðslu og afferminga innan yfirráðasvæði aðildarríkis. <p>Allt þetta er talið valda mismunandi framkvæmd milli aðildarríkja. Breytingarnar eru til bóta en nokkra vinnu þarf til að hrinda þeim í framkvæmd.</p>
<p>Staða máls innan ESB: Málið er rætt milli Evrópuþingsins og ráðherraráðsins um þessar mundir. Svo hefur verið í a.m.k. tvö ár. Líkur benda til að nokkurn tíma taki að leiða það til lykta.</p>
<p>Hvers vegna er málið á forgangslista? Með breytingunni ná reglur Evrópusambandsins til fleiri ökutækja á Íslandi en var með þeirri gerð sem í gildi er nú. Þar með gilda íþyngjandi reglur um fleiri ökutæki á Íslandi en nú er. Það verður að hafa áhrif á.</p> <p>Núverandi a-liður 4. mgr. 1. gr. nær ekki til flutningsaðila sem starfa eingöngu með ökutæki sem ná ekki 3,5 tonnum að heildarþyngd (LCV's) nema aðildarríkin ákveði annað. Lagt er til að ákveðin skilyrði reglugerðarinnar nái til þessara flutningsaðila til að jafna samkeppnisskilyrði. Vegna þessarar breytingar kemur málið illa við íslenska hagsmunum. Annars vegar mundi þurfa lagabreytingu til þar sem lög um farþegaflutninga og farmflutninga á landi, nr. 28/2017 gilda eingöngu um ökutæki þyngri en 3,5 tonn. Þá hefur sú breyting einnig íþyngjandi áhrif í för með sér fyrir þá sem stunda flutninga með ökutækjum léttari en 3,5 tonn.</p> <p>Nauðsynlegt er að á meðan málið er hjá Evrópuþinginu og ráðherraráði ESB að koma okkar sjónarmiðum á framfæri. Þegar gerðin er tilbúin þarf að tryggja að gerðar verði allar nauðsynlegar aðlaganir.</p>
<p>Helstu hagsmunaaðilar á Íslandi: Sendibilastöðvar og fyrirtæki sem nota ökutæki léttari en 3.5 tonn.</p>
<p>Markmið með hagsmunagæslu Íslands: Að hafa áhrif þannig að reglugerðirnar verða látnar gilda eins og áður, þ.e. aðeins um ökutæki þyngri en 3,5 tonn. Ef reglugerð verður samþykkt verði fengin aðlögun fyrir Ísland. Það verði á þeim forsendum að slík ökutæki séu hvorki</p>

<p>notuð til flutninga til Íslands né frá Íslandi. Það muni því engin áhrif hafa á markaðinn og ekki verða til að skekkja samkeppnisskilyrði.</p>
<p>Markhópur (stofnanir ESB, þ.á m. framkvæmdastjórn, ráðið og Evrópuþingið o.fl.): Markmiðið er að hafa áhrif á fulltrúa á Evrópuþinginu og í ráðherraráðinu hvort heldur er á formlegum fundum eða með óformlegum samskiptum. Þegar gerðin hefur verið samþykkt verður markhópurinn framkvæmdastjórnin/utanríkisþjónusta hennar EEAS.</p>
<p>Tímamörk: Áður en samkomulag verður milli Evrópuþingsins og ráðherraráðsins um endanlega gerð þarf að vera tryggt að Evrópusambandið sé meðvitað um stöðu Íslands og hagsmuni í málinu.</p>
<p>Tengiliðir hjá ESB: Fulltrúar í samgöngunefndum ráðsins. Fyrst og fremst í nefndum sem fjalla um flutninga á landi og nefndir sem fjalla um efni tengt fleiri samgöngumátum en einum.</p>
<p>Tengiliður hjá EFTA-skrifstofunni: Kjersti Tuusvik. Starfsmaður vinnuhóps um samgöngu, <i>Working Group on Transport</i>, á hverjum tíma hjá EFTA-skrifstofunni.</p>
<p>Ráðuneyti sem annast hagsmunagæslu (tilgreina Reykjavík og/eða fulltrúa í Brussel): Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið</p>
<p>Skrifstofa ráðuneytis sem annast hagsmunagæslu: Skrifstofa samgangna</p>
<p>Hvernig skal hagsmuna gætt? Með kynningu á sjónarmiðum Íslands í þessum efnum bæði á formlegum fundum og óformlegum með viðeigandi fulltrúum ESB.</p>
<p>Staðfesting ráðherra</p> 
<p>Eftirfylgni (fundir, símtöl, formlegar tillögur o.fl. – til útfyllingar við mat á árangri):</p>

Forgangslisti ríkisstjórnar vegna hagsmunagæslu Íslands gagnvart ESB

2020

<p>Málefni (á forstigi hjá framkvæmdastjórn ESB, vinnslustigi hjá ráðinu og Evrópuþinginu og ef þörf er á við undirbúning ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar) og málsnr.: Áherslur framkvæmdastjórnar ESB í jafnréttismálum fyrir árin 2019-2024 eru m.a. að koma með tillögu að nýrri mismunarlöggjöf og berjast gegn kynbundnu ofbeldi og heimilisofbeldi í samhengi við Istanbúl-samninginn. Jafnframt verður reglan um jöfn laun fyrir sömu vinnu meginreglan í nýrri kynjaáætlun Evrópusambandsins (European Gender Strategy) og áhersla verður lögð á að kynna bindandi aðgerðir um launagagnsæi (binding pay-transparency measures).</p>
<p>Stutt lýsing á efni/markmið: Markmiðið er að miðla þekkingu og reynslu Íslands í jafnréttismálum. Í desember 2019 trónir Ísland á toppi lista Alþjóðæfna-hagsráðsins (World Economic Forum) yfir ríki þar sem kynjajafnrétti mælist mest. Ísland hefur nýlega sett sér mismununarlöggjöf (lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði og lög nr. 85/2018 um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna). Jafnframt hefur Ísland nýlega lögfest hina svokölluðu „jafnlaunavottun“ sbr. lög nr. 56/2017 um jafnlaunavottun. Enn fremur er stefnt að því að leggja fram á Alþingi frumvarp að nýjum jafnréttislögum haustið 2020 en um er að ræða heildarendurskoðun á lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þingsályktun um framkvæmdáætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2020-2023 var auk þess nýlega samþykkt á Alþingi þar sem jafnrétti á vinnumarkaði og kynbundið ofbeldi og barátta gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi í samhengi við Istanbúl-samninginn fær mikla umfjöllun.</p>
<p>Staða máls innan ESB: Á forstigi.</p>
<p>Hvers vegna er málið á forgangslista? Það er í samræmi við jafnréttisáherslur í sáttmála Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs um ríkisstjórnarsamstarf og eflingu Alþingis frá 2017 að Ísland eigi sterka rödd á alþjóðavettvangi með því að vera fyrirmynd um jafnréttismál þar sem hægt er að gera enn betur.</p>
<p>Helstu hagsmunaaðilar á Íslandi: Kvenréttindafélag Íslands, Stígamtót, Öryrkjabandalag Íslands, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Samtökin '78, W.O.M.E.N-samtök kvenna af erlendum uppruna, félag kvenna í atvinnulífínu og fleiri samtök sem láta sig jafnrétti varða.</p>
<p>Markmið með hagsmunagæslu Íslands: Að fylgjast með framgangi og þróun jafnréttismála innan Evrópusambandsins með það að markmiði að miðla þekkingu og reynslu Íslands í jafnréttismálum og vera í afgerandi hlutverki á alþjóðavettvangi með því að vera fyrirmynd um jafnréttismál þar sem hægt er að gera enn betur.</p>
<p>Markhópur (stofnanir ESB, þ. á m. framkvæmdastjórn, ráðið og Evrópuþingið o.fl.): Framkvæmdastjórn ESB (DG for Justice and Consumers, Directorate D)</p>
<p>Tímamörk: -</p>
<p>Tengiliðir hjá ESB: Framkvæmdastjórn ESB (DG for Justice and Consumers, Directorate D)</p>
<p>Tengiliður hjá EFTA-skrifstofunni:</p>

<p>Þorsteinn Björnsson, Officer IMD-Internal Market Division</p> <p>Ráðuneyti sem annast hagsmunagæslu:</p> <p>Forsætisráðuneytið</p> <p>Skrifstofa ráðuneytis sem annast hagsmunagæslu:</p> <p>Skrifstofa jafnréttismála</p> <p>Hvernig skal hagsmuna gætt?</p> <p>Skrifstofa jafnréttismála í forsætisráðuneytinu á fastan fulltrúa í EES/EFTA vinnuhópi um kynjajafnrétti, mismunun og fjölskyldumál (EES/EFTA Working Group on Gender Equality, Anti-Discrimination and Family Policy) sem fundar í Brussel tvisvar sinnum á ári. Jafnframt sækir hann fundi hjá Advisory Committee on Equal Opportunities for Women and Men í Brussel tvisvar sinnum á ári. Fylgst verður með framgangi mála og áherslum Íslands í jafnréttismálum komið á framfæri í gegnum það starf auk annarra formlegra eða óformlegra funda á mismunandi stigum.</p> <p>Þá mun fulltrúi forsætisráðuneytisins í sendiráðinu í Brussel einnig vinna að þessu forgangsmáli.</p> <p>Staðfesting ráðherra</p> 

<p>Eftirfylgni (fundir, símtöl, formlegar tillögur o.fl. – til útfyllingar við mat á árangri):</p>

Forgangslisti ríkisstjórnar vegna hagsmunagæslu Íslands gagnvart ESB

2020

<p>Málefni: Ný reglugerð frá ESB um breytingu á reglugerðum um evrópskar eftirlitsstofnanir á fjármálamarkaði. Málsnr. FJR 19010562: Reglugerð ESB 2019/2175 var birt 30. desember 2019 í Stjórnartíðindum ESB. Næst á dagskrá er að greina efni hennar og vinna drög að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.</p>
<p>Stutt lýsing á efni/markmið: Markmiðið er að tryggja að upptaka reglugerðar um breytingu á reglugerðum um evrópskar eftirlitsstofnanir á fjármálamarkaði verði í samræmi við þá aðlögun sem var samþykkt þegar reglugerðirnar sem settu stofnanirnar á fót voru teknar upp í EES-samninginn árið 2016.</p>
<p>Staða máls innan ESB: Reglugerð ESB 2019/2175 var birt í Stjórnartíðindum ESB 30. desember 2019.</p>
<p>Hvers vegna er málið á forgangslista? Áherslumál ríkisstjórnar að standa vörð um tveggja stoða kerfi EES-samningsins.</p>
<p>Helstu hagsmunaaðilar á Íslandi: Almenningur, eftirlitsstjórnvöld og aðrir aðilar á fjármálamarkaði.</p>
<p>Markmið með hagsmunagæslu Íslands: Að tryggja að upptaka reglugerðar um breytingu á reglugerðum um evrópskar eftirlitsstofnanir á fjármálamarkaði verði í samræmi við þá tveggja stoða aðlögun sem var samþykkt þegar stofnreglugerðir um evrópsku bankaeftirlitsstofnunina (EBA), evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina (EIOPA) og evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina (ESMA) voru teknar upp í EES-samninginn árið 2016.</p>
<p>Markhópur (stofnanir ESB, þ.á m. framkvæmdastjórn, ráðið og Evrópuþingið o.fl.): Framkvæmdastjórn ESB og EFTA ríkin.</p>
<p>Tímamörk: Reglugerðin tekur að mestu leyti gildi í ESB á árinu 2020 en síðustu ákvæðin árið 2022. Upptöku í EES-samninginn ætti að vera lokið fyrir 2021.</p>
<p>Tengiliðir hjá ESB: Philippe Pelle, Senior Expert – Senior International Relations Officer, Directorate General for Financial Stability, Financial Services and Capital Markets Union (DG FISMA A.4.) .</p>
<p>Tengiliður hjá EFTA-skrifstofunni: Valdimar Hjartarson.</p>
<p>Ráðuneyti sem annast hagsmunagæslu (tilgreina Reykjavík og/eða fulltrúa í Brussel): Fjármála- og efnahagsráðuneytið.</p>
<p>Skrifstofa ráðuneytis sem annast hagsmunagæslu:</p>

Skrifstofa fjármálaþinga.

Hvernig skal hagsmuna gætt?

Fyrst og fremst gegnum aðild að vinnuhópi EFTA um fjármálaþjónustu og í samtölum við fulltrúa ESB.

Staðfesting ráðherra



Eftirfylgni (fundir, símtöl, formlegar tillögur o.fl. – til útfyllingar við mat á árangri):

Forgangslisti ríkisstjórnar vegna hagsmunagæslu Íslands gagnvart ESB

2020

<p>Málafni (á forstigi hjá framkvæmdastjórn ESB, vinnslustigi hjá ráðinu og Evrópuþinginu og ef þörf er á við undirbúning ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar) og málsnr.: Sjálfbær fjármögnun. (Þetta er mjög lifandi verkefni með ýmsum aðgerðum. Það eru því fleiri en eitt málnúmer og stöðugt fleiri að bætast við).</p>
<p>Stutt lýsing á efni/markmið: Sjálfbær fjármögnun (eða græn fjármögnun) er eitt af áhersluverkefnum framkvæmastjórnar Evrópusambandsins. Innan málaflokksins er m.a. að finna <u>aðgerðaráætlun Evrópusambandsins um sjálfbæra fjármögnun frá maí 2018</u> sem felur í sér ýmsar aðgerðir, þ.m.t. nýja löggjöf, sem ætlað er að styðja við hagvöxt en á sama tíma draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfið auk þess að taka tillit til félagslegra sjónarmiða og sjónarmiða um góða stjórnhætti. Áætluninni er einnig ætlað að auka gagnsæi um áhættuþætti sem tengjast umhverfislegum, félagslegum og stjórnmunarlegum (e. enviromental, social og governance, ESG) atriðum og geta haft áhrif á fjármálakerfið og hvernig hægt sé að draga úr eða stýra slíkum áhættum.</p>
<p>Staða máls innan ESB: Sumar aðgerðir eru komnar til framkvæmda og aðrar eru í vinnslu. Á upplýsingasíðu framkvæmdastjórnarinnar um málaflokkinn er hægt að sjá stöðuna á hverri aðgerð fyrir sig á hverjum tíma: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/green-finance_en</p>
<p>Hvers vegna er málið á forgangslista? Áherslumál ríkisstjórnar.</p>
<p>Helstu hagsmunaaðilar á Íslandi: Ýmsir, m.a. aðilar á fjármálamarkaði en einnig almenningur sem hefur hagsmuni af því að stuðlað sé að sjálfbærni í samfélaginu.</p>
<p>Markmið með hagsmunagæslu Íslands: Aðgengi að upplýsingum.</p>
<p>Markhópur (stofnanir ESB, þ.á m. framkvæmdastjórn, ráðið og Evrópuþingið o.fl.): Fyrst og fremst framkvæmdastjórnin.</p>
<p>Tímamörk: Flestum aðgerðum á að vera lokið fyrir 2021.</p>
<p>Tengiliðir hjá ESB: Enginn sérstakur.</p>
<p>Tengiliður hjá EFTA-skrifstofunni: Valdimar Hjartarson.</p>

Ráðuneyti sem annast hagsmunagæslu (tilgreina Reykjavík og/eða fulltrúa í Brussel):
FJR og Maríanna Jónasdóttir í sendiráðinu í Brussel.

Skrifstofa ráðuneytis sem annast hagsmunagæslu:
Skrifstofa fjármálamarkaðar.

Hvernig skal hagsmuna gætt?

M.a. í gegnum aðild að vinnuhópi EFTA um fjármálaþjónustu og sérfræðingahópi ESB um sjálfbæra fjármögnun.

Staðfesting ráðherra



Eftirfylgni (fundir, símtöl, formlegar tillögur o.fl. – til útfyllingar við mat á árangri):

Forgangslisti ríkisstjórnar vegna hagsmunagæslu Íslands gagnvart ESB

2020

Málefni (á forstigi hjá framkvæmdastjórn ESB, vinnslustigi hjá ráðinu og Evrópuþinginu og ef þörf er á við undirbúning ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar) og málsnr.:
Málefni: Áhrif uppfærslu Basel III-staðla á verðtryggð fasteignaveðlán.

Málsnúmer hjá fjármála- og efnahagsráðuneyti: FJR19120070.

Stutt lýsing á efni/markmið:

Íslenskar reglur um eiginfjárkröfur til banka byggjast á evrópsku regluverki, svonefndum CRD- og CRR-gerðum, sem aftur byggjast á alþjóðlegum viðmiðum, svonefndum Basel-stöðlum. Í desember 2017 voru gerðar breytingar á Basel-stöðlunum sem Evrópusambandið vinnur nú að því að taka upp í evrópskt regluverk. Meðal breytinga var að við ákvörðun eiginfjárfarna vegna fasteignaveðlána banka, sem taka mið af hlutfalli lánsfjárhæðar og virðis veðs (LTV-hlutfall), skal miða við virði veðs þegar lán er veitt og ekki taka mið af síðari hækkunum á virði veðsins.¹ Sú breyting getur haft óvenjulega víðtæk áhrif á Íslandi vegna mikils umfangs verðtryggðra fasteignaveðlána hér, sem eru sjaldgæf í flestum Evrópuríkjum, þar sem höfuðstóll verðtryggðra lána hækkar almennt á fyrri hluta lánstímans. Ef ekki er jafnframt tekið tillit til hækkunar á virði veðs mun því LTV-hlutfall verðtryggðra fasteignaveðlána almennt hækka á fyrri hluta lánstímans, og þar með eiginfjárkröfur til banka vegna lánanna. Breytingin er því til þess fallin að hækka verulega kostnað banka við það að veita verðtryggð fasteignaveðlán. Fyrirsjáanlegt er að það letji banka frá því að veita slík lán með afleiddum áhrifum á fasteignamarkað.

Staða máls innan ESB:

Málið er til vinnslu hjá framkvæmdastjórninni.

Hvers vegna er málið á forgangslista?

Verði fyrrgreindar breytingar á Basel-staðlinum teknar óbreyttar upp í íslenskt regluverk gæti það haft óheppilegar hliðarverkanir á íslenskum fasteignalánamarkaði.

Helstu hagsmunaaðilar á Íslandi:

Lánastofnanir, lántakar, kaupendur og seljendur fasteigna og fleiri.


Markmið með hagsmunagæslu Íslands:

Stuðla að því að upptaka uppfærðra Basel-staðla í evrópskt regluverk verði með hætti sem ekki raskar fasteignalánamarkaði hér á landi. Því mætti til dæmis ná fram með því að heimila áfram að við útreikning á LTV-hlutfalli sé tekið mið af hækkun á virði fasteignaveða eftir veitingu fasteignaveðlána, ellegar að heimila hækkun til samræmis við breytingar á almennu verðlagi.

Markhópur (stofnanir ESB, þ.á m. framkvæmdastjórn, ráðið og Evrópuþingið o.fl.):

Á þessu stigi málsins lýtur hagsmunagæslan einkum að framkvæmdastjórninni.

¹ Sjá 62. mgr. í skjali Basel-nefndarinnar um breytingarnar, sem er á eftirfarandi slóð:
<https://www.bis.org/bcbs/publ/d424.pdf>.

<p>Tímamörk: Í lok mars 2020 ákvað Baselnefndin um bankaeftirlit að fresta gildistöku breytinganna á Basel-stöðlunum um eitt ár vegna kórónuveirufaraldursins og líkur á að innleiðingu í Evrópu seinki af þeim sökum.</p>
<p>Tengiliðir hjá ESB: Enginn tiltekinn.</p>
<p>Tengiliður hjá EFTA-skrifstofunni: Valdimar Hjartarson.</p>
<p>Ráðuneyti sem annast hagsmunagæslu (tilgreina Reykjavík og/eða fulltrúa í Brussel): Fjármála- og efnahagsráðuneyti og Marianna Jónasdóttir í sendiráði Íslands í Brussel.</p>
<p>Skrifstofa ráðuneytis sem annast hagsmunagæslu: Skrifstofa fjármálamarkaðar.</p>
<p>Hvernig skal hagsmuna gætt? Fjármálaeftirlitið hefur og hyggst áfram koma sjónarmiðum Íslands á framfæri, bæði í gegnum vinnuhópa á vegum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og gagnvart framkvæmdastjórninni. Eftirlitið mun halda fjármála- og efnahagsráðuneytinu upplýstu um málið.</p>
<p>Staðfesting ráðherra </p>

Eftirfylgni (fundir, símtöl, formlegar tillögur o.fl. – til útfyllingar við mat á árangri):

Forgangslisti ríkisstjórnar vegna hagsmunagæslu Íslands gagnvart ESB

2020

Málefni (á forstigi hjá framkvæmdastjórn ESB, vinnslustigi hjá ráðinu og Evrópuþinginu og ef þörf er á við undirbúning ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar) og málsnr.:

Málefni: Innstæðutryggingar

Málsnúmer hjá fjármála- og efnahagsráðuneyti: FJR19010111

Stutt lýsing á efni/markmið:

Íslenskar reglur um innstæðutryggingar byggjast á evrópsku regluverki. Lög um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, [nr. 98/1999](#), taka þannig mið af tilskipunum ESB um innstæðutryggingar, [nr. 94/19/EB \(DGS I\)](#) og um tryggingakerfi fyrir fjárfesta, [nr. 97/9/EB](#). Þá voru afmarkaðar breytingar gerðar með lögum nr. 55/2011 um breytingu á lögum nr. 98/1999, þar sem litið var til afmarkaðra ákvæða í annarri innstæðutryggingatilskipun ESB, [nr. 2009/14/EB \(DGS II\)](#). Sú tilskipun var ekki tekin upp í EES-samninginn og hefur nú verið felld úr gildi innan ESB. Þriðja innstæðutryggingatilskipun ESB, nr. 2014/49/ESB (DGS III), tók gildi í ESB á árinu 2014, en hefur ekki verið tekin upp í EES-samninginn.

Markmið málefnisins er að afla upplýsinga um málefni innstæðutrygginga, bæði um efnislegt inntak og túlkun tilskipunar 2014/49/ESB, og tillögur og lagabreytingar sem eru til umræðu og í farvatninu á vettvangi ESB. Lagt verður upp með að taka tillit til þeirra sjónarmiða sem fram koma í álitum efnahags- og viðskiptanefndar frá 29. október 2014 við upptöku tilskipunar 2014/49/ESB í EES-samninginn og innleiðingu hennar hér á landi, sbr. einnig bréf utanríkismálanefndar frá 25. nóvember 2014.

Staða máls innan ESB:

[Tilskipun 2014/49/ESB um innstæðutryggingakerfi \(DGS III\)](#), tók gildi innan ESB þann 2. júlí 2014 og áttu öll aðildarríki að hafa innleitt reglur tilskipunarinnar í landsrétt sinn fyrir 3. júlí 2015.

Viðamikil vinna hefur átt sér stað á vettvangi Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) og framkvæmdastjórnar ESB undanfarin ár. Þrjú umfangsmikil álit frá EBA komu út seinni hluta ársins 2019 og í upphafi árs 2020. [Fyrsta álit](#) fjallaði um tryggingarhæfi innstæðna, fjárhæð tryggingarverndar og samstarf milli innstæðutryggingarkerfa. [Annað álit](#) fjallaði um útgreiðslur úr innstæðutryggingarkerfum og [þriðja álit](#) um fjármögnun innstæðutryggingarkerfa og notkun þeirra. Í álitum EBA koma fram tillögur til umbóta á regluverki um innstæðutryggingar. Þá hefur framkvæmdastjórnin lagt áherslu á að koma á fót [evrópsku innstæðutryggingakerfi \(European deposit insurance scheme – EDIS\)](#) og hefur verið unnið að því verkefni undanfarin ár í kjölfar [tillögu framkvæmdastjórnarinnar](#) frá árinu 2015.

Hvers vegna er málið á forgangslista?

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis gerði veigamiklar athugasemdir við upptöku tilskipunar 2014/49/ESB í EES-samninginn árið 2014 með álitum á grundvelli reglna um þinglega meðferð EES-mála.

Helstu hagsmunaaðilar á Íslandi:

Almenningur, innlánsstofnanir, Tryggingasjóður innstæðueigenda og fjárfesta og Ríkissjóður Íslands.

Markmið með hagsmunagæslu Íslands:

Að afla upplýsinga um málefni innstæðutrygginga, bæði um efnislegt inntak og túlkun tilskipunar 2014/49/ESB, og tillögur og lagabreytingar sem eru til umræðu og í farvatninu á vettvangi ESB. Af hálfu Íslands verður byggt á þeim sjónarmiðum sem fram koma í álitum efnahags- og viðskiptanefndar frá 29. október 2014 við upptöku tilskipunar 2014/49/ESB í EES-samninginn og innleiðingu hennar hér á landi, sbr. einnig bréf utanríkismálanefndar frá 25. nóvember 2014, um að ekki verði í gegnum EES-samninginn tekin upp ríkisábyrgð á innstæðum.

Markhópur (stofnanir ESB, þ.á m. framkvæmdastjórn, ráðið og Evrópuþingið o.fl.):

Fyrst og fremst framkvæmdastjórn ESB.

Tímamörk:

Þar til fæst úr álitamálum skorið í tengslum við upptöku og innleiðingu á tilskipun 2014/49/ESB um innstæðutryggingakerfi (DGS III).

Tengiliðir hjá ESB:

Enginn sérstakur.

Tengiliður hjá EFTA-skrifstofunni:

Valdimar Hjartarson.

Ráðuneyti sem annast hagsmunagæslu (tilgreina Reykjavík og/eða fulltrúa í Brussel):


FJR og Marianna Jónasdóttir, sendiráðinu í Brussel.

Skrifstofa ráðuneytis sem annast hagsmunagæslu:

Skrifstofa fjármálamarkaðar.

Hvernig skal hagsmuna gætt?

M.a. í gegnum aðild að vinnuhópi EFTA um fjármálaþjónustu og [sérfræðingahópi ESB um bankastarfsemi, greiðsluþjónustu og váttryggingastarfsemi](#), eining skilameðferðar og innstæðutrygginga (D3 Unit on Resolution and deposit insurance).

Staðfesting ráðherra

**Forgangslisti ríkisstjórnar vegna
hagsmunagæslu Íslands gagnvart ESB 2020**

Málefni (á forstigi hjá framkvæmdastjórn ESB, vinnslustigi hjá ráðinu og Evrópuþinginu og ef þörf er á við undirbúning ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar) og málsnr.:

*Stafræn starfsská ESB
(A Europe Fit for the Digital Age)*

Stutt lýsing á efni/markmið:

Upplýsingatæknimál eru ein af forgangsmálum ríkisstjórnarinnar á kjörtímabilinu. Sett hefur verið af stað áttak til að efla stafræna þjónustu og undirbúa Ísland undir samfélag sem byggir á að leysa handafl af hólmi með hjálp tækni eins og gervigreind. Áætlun ESB um að aðlaga sambandið að nýjum stafrænum tímum eru því hagsmunamál fyrir Ísland.

Í áætlun ESB eru stefnumál og aðgerðir sem snúa beint að þessu og eru settar undir flokkinn „A Europe Fit for the Digital Age“. Flestir af þeim þáttum sem settir eru á oddinn munu hafa áhrif á veru Íslands innan EES, en hér eru sett fram þau áherslumál sem hér í upphafi málsins er lagt til að sérstök áhersla verður lögð á. Þetta eru:

- Aðgerðaráætlun um stafræna menntun – Digital Education Action Plan (aðgerð Nr. 9)
- Gervigreind – A European approach to Artificial Intelligence (aðgerð Nr. 10)
- Stafræn þjónusta – Digital services (aðgerð Nr. 11)
- Aukið netöryggi – Increasing cybersecurity (aðgerð Nr. 12)

Ítarlegri umræða um þessi mál á eftir að fara fram innan Stjórnarráðsins og því er mögulegt að þetta taki breytingum eftir því sem henni fleytir fram.

Staða máls innan ESB:

- Aðgerðaráætlun um stafræna menntun – Digital Education Action Plan (aðgerð Nr. 9)
 - Aðgerðin felst í endurskoðun aðgerðaráætlunarinnar „Digital Education Action Plan“ sem er á áætlun á öðrum ársfjórðungi 2020.
- Gervigreind – A European approach to Artificial Intelligence (aðgerð Nr. 10)
 - Á næstunni (febrúar 2020) kemur Hvítbók um gervigreind (White paper on Artificial-intelligence). Þá er stefnt á að ljúka stefnumörkun fyrir gögn og ljúka fylgigögnum vegna Hvítbókar á fyrsta ársfjórðungi 2020.
- Stafræn þjónusta – Digital services (aðgerð Nr. 11)
 - Á vegum hinnar svokölluðu „Digital Single Market Strategic group“ er í undirbúningi endurskoðun tilskipunarinnar. Þættir sem m.a. eru til skoðunar eru:
 - Samræming laga og reglugerða varðandi hatusorðræðu á netinu.
 - Samræmd viðbrögð vegna falsfrétta og áróðurstengdra falsupplýsinga. Gert er ráð fyrir að aðgerðinni sé lokið fyrir árslok 2020.
- Aukið netöryggi – Increasing cybersecurity (aðgerð Nr. 12)
 - Aðgerðin felst í að endurskoða tilskipunina um öryggi net- og upplýsingakerfa (NIS-tilskipun) til að „styrkja enn frekar netöryggi innan ESB“. Samkvæmt sjálfri NIS-tilskipuninni ætti framkvæmdastjórnin að endurskoða tilskipunina reglulega. Endurskoðun á NIS-tilskipuninni er fyrirhuguð á fjórða ársfjórðungi 2020 og getur hugsanlega falið í sér lagabreytingar.

Hvers vegna er málið á forgangslista?

- Aðgerðaráætlun um stafræna menntun – Digital Education Action Plan (aðgerð Nr. 9)

<ul style="list-style-type: none"> ○ Mikilvægt að Ísland fylgist með framgangi málsins. Ein af grunnforsendum þess að þjóðir geti tekist á við fjórðu iðnbyltinguna er menntun almennings og að undirbúa komandi kynslóðir fyrir þær breytingar sem hún ber með sér. ● Gervigreind – A European approach to Artificial Intelligence (aðgerð Nr. 10) <ul style="list-style-type: none"> ○ Gögn eru eldsneyti fjórðu iðnbyltingarinnar og forsenda hagnýtingar gervigreindar. Ísland stendur aftarlega miðað við önnur EES ríki hvað gagnamál varðar. Ísland vermir botnsæti lista yfir framboð og hagnýtingu opinna gagna. Nauðsynlegt er að fylgjast með þessu starfi innan ESB og nýta þá vinnu sem þar er unnin m.a. við innleiðingu stefnu um gervigreind hér á landi. ● Stafræn þjónusta – Digital services (aðgerð Nr. 11) <ul style="list-style-type: none"> ○ Hatursorðræða og falsfréttir eru fylgifyiskar aukinna stafrænna samskipta. Stofnaður hefur verið hópur innan stjórnarráðsins til að fara í kjölinn á þessum málum hér á landi og nauðsynlegt er að Ísland fylgist með þróun mála hjá ESB. ● Aukið netöryggi – Increasing cybersecurity (aðgerð Nr. 12) <ul style="list-style-type: none"> ○ Netógnir eru vaxandi viðfangsefni hérlendis sem erlendis. Breyting á NIS tilskipuninni getur haft beinar afleiðingar á löggjöf hér á landi.
<p>Helstu hagsmunaaðilar á Íslandi: Ráðuneyti, undirstofnanir, markaðsaðilar, hagsmunasamtök og neytendur, jafnvel Alþingi.</p> <p>Á Íslandi bera ólík ráðuneyti Stjórnarráðsins ábyrgð á málaflokkum sem heyra undir stefnu ESB á þessu sviði, skv. forsetaúrskurði, einkum:</p> <ul style="list-style-type: none"> ● Fjármálaráðuneyti/FJR (upplýsingasamfélagið, þar á meðal reglur um frjálst flæði upplýsinga annarra en persónuupplýsinga) ● Forsætisráðuneyti/FOR (aðgengi að opinberum vefsíðum og upplýsingum) ● Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti/SRN (fjarskipti, netöryggi, lénamál o.fl.) ● Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti/ANR (rafræn viðskipti, þjónusta og undirskriftir, traustþjónusta, gervigreind, gagnaver o.fl.) ● Menntamálaráðuneyti/MMR (fjölmíðlar, menntun s.s. v/netöryggi) ● Dómsmálaráðuneyti/DMR (netglæpir, persónuvernd, almannavarnir, samræmd neyðarsímsvörðun)
<p>Markmið með hagsmunagæslu Íslands: Að Stjórnarráðið beri tímanlega kennsl á snertifleti, nauðsynlega samhæfingu og aðgerðir, þ.m.t. forgangsröðun, svo og að sameinast um greiningu á þverfaglegum álitaeftum. Með skipulegri lágmarks samhæfingu þvert á málefnasvið ólíkra ráðuneyta og reglubundnum upplýsinga- og skoðanaskiptum má stuðla að skýrari heildarsýn á eigin stefnu íslenska ríkisins og forgangsröðun á hverjum tíma að hvað gervigreind varðar.</p>
<p>Markhópur (stofnanir ESB, þ.á m. framkvæmdastjórn, ráðið og Evrópuþingið o.fl.): Framkvæmdastjórn ESB, ráðið og Evrópuþingið</p>
<p>Tímamörk: Búast má við skýrslum og tillögum að nýjum gerðum þegar á árinu 2020, miðað við yfirlýsingar forseta nýrrar framkvæmdastjórnar ESB, Ursulu von der Leyen. Með vísan til umfangs og mikilvægis málaflokksins, þvert á ólík svið samfélagsins, er lagt til að verkefnið verði skilgreint til næstu fjögurra ára.</p>
<p>Tengiliðir hjá ESB: Starfsmenn og fulltrúar í lagasetningarnefndum á vegum framkvæmdastjórnarinnar, s.s. COCOM á sviði fjarskipta og netöryggis.</p>
<p>Tengiliður hjá EFTA-skrifstofunni: Starfsmaður viðeigandi EFTA vinnuhópa á hverjum tíma (Trond Helge Bårdsen v/ECASIS).</p>

Ráðuneyti sem annast hagsmunagæslu (tilgreina Reykjavík og/eða fulltrúa í Brussel):
Einkum FJR, FOR, SRN, ANR og MMR

Skrifstofa ráðuneytis sem annast hagsmunagæslu:

FRJ: Skrifstofa stjórnunar og umbóta

FOR:

SRN: Skrifstofa stafrænna samskipta


ANR:

MMR:

Hvernig skal hagsmuna gætt?

Framangreind ráðuneyti fylgist hvert á sínu sviði náið með þróun gerða, skýrslna og annarra aðgerða stofnana ESB er varða stafrænan innri markað Evrópu. Hópur fulltrúa þeirra verði formlega settur á laggir og fundi reglubundið, a.m.k. 4 sinnum á ári, beri saman bækur með það að markmiði að bera tímanlega kennsl á snertifleti þvert á málefnasvið ráðuneyta, nauðsynlega samþæfingu og aðgerðir. Hann sameinist um greiningu á þverfaglegum álitaeftum og taki a.m.k. árlega saman stutta skýrslu um framvindu og forgangsroðun stofnana ESB á hverjum tíma og, til samanburðar, stöðu mála á Íslandi.

Staðfesting ráðherra




Eftirfylgni (fundir, símtöl, formlegar tillögur o.fl. – til útfyllingar við mat á árangri):

Forgangslisti ríkisstjórnar vegna hagsmunagæslu Íslands gagnvart ESB

2020

<p>Málefni (á forstigi hjá framkvæmdastjórn ESB, vinnslustigi hjá ráðinu og Evrópuþinginu og ef þörf er á við undirbúning ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar) og málsnr.: Stofnun á miðlægum eftirlitsaðila aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í Evrópu</p>
<p>Stutt lýsing á efni/markmið: Til umræðu er innan framkvæmdastjórnar ESB að stofna miðlægan eftirlitsaðila peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka. Nýjum eftirlitsaðila verði falið það hlutverk að samræma betur regluverk og eftirlit innan sambandsins og þar með að treysta orðspört og trúverðugleika evrópsks fjármálamarkaðar.</p>
<p>Staða máls innan ESB: Málið er á forstigi hjá nýrri framkvæmdastjórn ESB, sem hefur ekki tekið afstöðu til þess. Hins vegar hafa fjármálaráðherrar Frakklands, Ítalíu, Hollands, Lettlands, Þýskalands og Spánar lagt til í greinargerð að komið verði á fót sérstökum miðlægum eftirlitsaðila aðgerða gegn peningaþvætti fjármögnun hryðjuverka. Eftirlitsaðilinn muni starfa annað hvort innan EBA eða verði ný sjálfstæð stofnun. Í greinargerðinni er m.a. lagt til að undir vissum kringumstæðum geti hinn nýi eftirlitsaðili haft beint eftirlit með fyrirtækjum í aðildarríkjunum. Einnig er lagt til að reglur innan sambandsins verði samræmdar enn frekar með útgáfu reglugerða sem leysi núgildandi tilskipanir af hólmi.</p>
<p>Hvers vegna er málið á forgangslista? Útlit er fyrir að málið verði forgangsmál innan framkvæmdastjórnar ESB sem muni jafnvel leggja fram tillögu á fyrri hluta næsta árs. Verði þessi áform að veruleika er líklegt að nýjar gerðir þurfa aðlögun að tveggja stoða kerfi EES-samningsins.</p>
<p>Helstu hagsmunaaðilar á Íslandi: Seðlabanki Íslands, ríkisskattstjóri, skrifstofa fjármálagreininga lögreglu</p>
<p>Markmið með hagsmunagæslu Íslands: Tryggja að valdheimildir eftirlitsstofnana ESB samræmist tveggja stoða kerfi EES-samningsins.</p>
<p>Markhópur (stofnanir ESB, þ.á m. framkvæmdastjórn, ráðið og Evrópuþingið o.fl.): Framkvæmdastjórn ESB</p>
<p>Tímamörk: Á ekki við</p>
<p>Tengiliðir hjá ESB: Á ekki við</p>
<p>Tengiliður hjá EFTA-skrifstofunni:</p>

Á ekki við
Ráðuneyti sem annast hagsmunagæslu (tilgreina Reykjavík og/eða fulltrúa í Brussel): Dómsmálaráðuneytið
Skrifstofa ráðuneytis sem annast hagsmunagæslu: Skrifstofa almanna- og réttaröryggis
Hvernig skal hagsmuna gætt? Fylgjast með málinu á vettvangi framkvæmdastjórnar ESB
Staðfesting ráðherra 

Eftirfylgni (fundir, símtöl, formlegar tillögur o.fl. – til útfyllingar við mat á árangri):

Forgangslisti ríkisstjórnar vegna hagsmunagæslu Íslands gagnvart ESB

Dagsetning: 24.08.2020

<p>Málefni (á forstigi hjá framkvæmdastjórn ESB, vinnslustigi hjá ráðinu og Evrópuþinginu og ef þörf er á við undirbúning ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar):</p> <p><i>Nýjar samstarfsáætlanir ESB 2021-2027 á sviði mennta-, æskulýðs-, menningar-, rannsókn- og nýsköpunarmála</i></p>
<p>Stutt lýsing á efni/markmiðum:</p> <p>Að áframhaldandi þátttaka Íslands sé í samræmi við EES-samninginn og að unnið verði að þátttöku Íslands frá byrjun nýs tímabils. Sama gildir um nýjar áætlanir á sviði mennta-, æskulýðs- og menningarmála.</p>
<p>Staða máls innan ESB:</p> <p>Reglugerðirnar um nýju samstarfsáætlanirnar eru enn til umræðu og verða ekki formlega samþykktar hjá ESB fyrr en fjárhagsrammi ESB fyrir 2021-2027 hefur verið samþykktur. Það er því mikilvægt að fylgja málinu áfram vel eftir.</p>
<p>Hvers vegna er málið á forgangslista?:</p> <p>Vegna mikilvægis þátttöku Íslendinga í alþjóðlegu samstarfi á sviði rannsókna, nýsköpunar, menningar-, mennta- og æskulýðsmála.</p>
<p>Markmið með hagsmunagæslu fyrir Ísland:</p> <p>Að tryggja að þátttaka Íslendinga í samstarfsáætlunum, þ.m.t. í stjórnarnefndum og sérfræðingahópum, sé í samræmi við ákvæði EES-samningsins.</p>
<p>Markhópur innan ESB:</p> <p>Mikilvægt er að fylgjast með þróun mála og fylgja málinu vel eftir við framkvæmdastjórn ESB, ráðið og þingið.</p>
<p>Tímamörk:</p> <p>Áætlanirnar hefjast 1. janúar 2021 en kynningar á þeim fyrir væntanlegum styrkþegum hefjast haustið 2020. Fyrstu auglýsingar eftir styrkumsóknum verða væntanlega birtar fyrir árslok 2020. Til að tryggja þátttöku EES/EFTA ríkjanna þarf sameiginlega nefndin (e. EEA Joint Committee) að samþykkja upptöku reglugerða vegna samstarfsáætlana í EES-samninginn. EES/EFTA ríkin þurfa að staðfesta þátttöku í síðasta lagi 10. júlí 2021.</p>
<p>Tengiliður hjá ESB:</p> <p>Signe Ratso, Deputy Director General, Directorate General for Research and Innovation. Sophia Eriksson, Director, Directorate General for Education and Culture.</p>
<p>Tengiliður hjá EFTA-skrifstofunni:</p> <p>Þorsteinn Björnsson, Policy Officer, Vinnuhópur EFTA um rannsóknir og þróun, Vinnuhópur EFTA um menntun og þjálfun og Vinnuhópur EFTA um menningarmál. Egill Eyjólfsson, Policy Officer, Vinnuhópur EFTA um fjármál.</p>
<p>Ráðuneyti sem annast hagsmunagæsluna (tilgreina einnig Reykjavík eða Brussel):</p>

Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Sérfræðingur/sérfræðingar sem annast hagsmunagæsluna:

Auður Rán Þorgeirsdóttir, fulltrúi MRN í Brussel

Ásgerður Kjartansdóttir, sérfræðingur í MRN

Valgerður Þórunn Bjarnadóttir

Þorgeir Ólafsson, sérfræðingur í MRN

Hvernig skal hagsmuna gætt?:

Formlega með áframhaldandi þátttöku í þeim stjórnarnefndum sem Ísland hefur aðgang að og í gegnum EFTA skrifstofuna og EFTA vinnuhópana. Óformlega með áframhaldandi tengslavinnu við helstu samstarfsríki og viðeigandi stofnanir og sérfræðinga ESB.

Framfylgni (fundir, símtöl, formlegar tillögur o.fl.):

Með áframhaldandi tengslavinnu við helstu samstarfsríki og viðeigandi stofnanir og sérfræðinga ESB.

Staðfesting ráðuneytisstjóra og ráðherra





Forgangslisti ríkisstjórnar vegna hagsmunagæslu Íslands gagnvart ESB

2020

<p>Málefni (á forstigi hjá framkvæmdastjórn ESB, vinnslustigi hjá ráðinu og Evrópuþinginu og ef þörf er á við undirbúning ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar) og málsnr.:</p>
<p>Lyfjamál - Rafrænir fylgiseðlar lyfja</p>
<p>Stutt lýsing á efni/markmið:</p> <p>Núverandi fyrirkomulag í EES felur í sér að fylgiseðlum með lyfjum er fyrir komið í sjálfum lyfjapakningunum. Markmið verkefnisins er að innleiða nýtt fyrirkomulag sem fæli í sér að heimilað verði, fyrir þau lönd sem það kjósa og hafa tæknimöguleika til, að vera eingöngu með rafræna fylgiseðla með lyfjum.</p> <p>Verið er að vinna að tæknivinnu og standa á vegum ESB sem geta falið í sér jákvætt skref í átt að markmiðinu. Það skref væri að bjóða upp á rafræna fylgiseðla sem viðbót við pappír fylgiseðla fyrst um sinn. Slíkt skref, þótt jákvætt sé, dugar þó ekki og þarf ávallt að halda því á lofti að markmið verkefnisins er að innleiða fyrirkomulag þ.a. lönd geti verið eingöngu með rafræna fylgiseðla með lyfjum og þá engan pappírseðil nema í undantekningartilvikum og þá afhenta/prentaða á sölustað. Lykilatriðið er því að koma orðinu „eingöngu“ á framfæri í hagsmunagæslunni.</p>
<p>Staða máls innan ESB:</p> <p>Í júní sl. sendi heilbrigðisráðherra, Svandís Svavarsdóttir, bréf fyrir hönd allra heilbrigðisráðherra Norðurlandanna, til framkvæmdastjórnar ESB um að fara þess á leit við ESB að reglur verði endurskoðaðar þannig að aðildarríkjum verði heimilt að nota rafræna fylgiseðla með lyfjum í stað prentaðra eins og nú er krafist. Málið hefur því nýlega komið inn á borð ESB með beinum hætti.</p> <p>Á vegum samstarfsvettvangs lyfjafirvalda hvers lands fyrir sig (Heads of Medicines Agencies – HMA) og Lyfjastofnunar Evrópu (European Medicines Agency - EMA) er unnið að gerð skýrslu um kortlagningu á verkefninu um rafræna fylgiseðla. Verkefnið er aðallega unnið í undirhópnum „Better use of Medicine“ sem spænska Lyfjastofnunin stýrir. Skýrslan verður lögð fyrir fund EMA/HMA til samþykktar í desember 2019.</p>
<p>Hvers vegna er málið á forgangslista?</p> <p>Í lyfjastefnu til 2022 sem samþykkt var á Alþingi 31. maí 2017 segir að stefnt skuli að því að fylgiseðlar með lyfjum verði rafrænir. Landspítali hefur lagt til að sérhæfð lyf sem gefin eru á sjúkrahöfnum af heilbrigðisstarfsfólki fái undanþágu frá kröfu um íslensku á áletrunum og fylgiseðlum á pappír í hverri pakningu, meðal annars til að auðvelda sameiginleg norræn innkaup og útboð lyfja. Ef fylgiseðlar væru aðgengilegir á rafrænu formi mætti koma til móts við þessa ósk auk þess sem það gæti leyst ýmis önnur mál sem einkum snúa að minni löndum eins og Íslandi. Minni málsvæði verða oft útundan þar sem hlutfallslega dýrara er að prenta fylgiseðla í litlu upplagi og meðan Ísland er með innan við 4000 skráð vörunúmer hér á landi þá eru Norðurlöndin með um og yfir 10.000 vörunúmer.</p>
<p>Helstu hagsmunaaðilar á Íslandi:</p> <ul style="list-style-type: none">• Einstaklingar sem taka inn lyf.• Íslenska ríkið.

<ul style="list-style-type: none"> ▪ Lyfjaframleiðendur. ▪ Innflutnings- og dreifingaraðilar lyfja.
<p>Markmið með hagsmunagæslu Íslands: Markmiðið er að heimila rafræna fylgiseðla eingöngu með lyfjum í þeim löndum sem telja slíkt fyrirkomulag nauðsynlegt. Ávinningur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Öryggi sjúklinga er betur tryggt. Með tilkomu fylgiseðla á rafrænu formi er hægt að lesa efni þeirra á mörgum tungumálum og í mörgum leturstærðum. • Horft er til þess að nýtt fyrirkomulag auðveldi sameiginleg lyfjainnkaup. Með því megi sporna við lyfjaskorti og ná fram hagstæðara innkaupaverði og lækka þar með lyfjaverð. • Rafrænir fylgiseðlar hafa jákvæð áhrif á umhverfið þar sem prenta þyrfti minna af fylgiseðlum á pappír. • Sónun lyfja yrði minni þar sem ekki þyrfti að innkalla lyf vegna breytinga á fylgiseðlum.
<p>Markhópur (stofnanir ESB, þ.á m. framkvæmdastjórn, ráðið og Evrópuþingið o.fl.): Framkvæmdastjórn ESB, EMA og HMA. Áframhald samstarf við eftirfarandi markhópa/stofnanir er nauðsynlegt: Norræna ráðherraráðið í félags- og heilbrigðismálum (MR-S), norræna embættismannanefndin í félags- og heilbrigðismálum (EK-S), Norðurlandaráð, Norræna stjórnarsýsluhindranaráðið.</p>
<p>Tímamörk:</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Árið 2020 er stefnt að því að kanna grundvöll þess að setja á fót tilraunaverkefni á Íslandi varðandi rafræna fylgiseðla, en það á eftir að útfæra á hvaða formi það verður gert. Eðli málsins samkvæmt getur tekið nokkuð langan tíma að ná markmiðinu á vettvangi ESB. Ekki er víst að allir hagsmunaaðilar í lyfjageiranum styðji framgang málsins þar.
<p>Tengiliðir hjá ESB: Olga Solomon</p>
<p>Tengiliður hjá EFTA-skrifstofunni: Per-Arvid Sjogard</p>
<p>Ráðuneyti sem annast hagsmunagæslu (tilgreina Reykjavík og/eða fulltrúa í Brussel): Heilbrigðisráðuneytið/Áslaug Einarsdóttir/Bjarni Sigurðsson</p>
<p>Skrifstofa ráðuneytis sem annast hagsmunagæslu: Skrifstofa lýðheilsu og forvarna.</p>
<p>Hvernig skal hagsmuna gætt Markviss vinna og hagsmunagæsla í MR-S, EK-S, heilbrigðisráðuneytinu, Lyfjastofnun, Norræna stjórnarsýsluhindranaráðinu og meðal þingmanna Íslandsdeildar Norðurlandaráðs leiddi til mikilvægs árangurs þann 13. júní sl. en þá undirritaði Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra bréf til framkvæmdastjórnar ESB fyrir hönd norrænu heilbrigðisráðherranna. Gunnar Pálsson, sendiherra, afhenti bréfið í kjölfarið https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2019/07/10/Bref-norraena-heilbrigdisradherra-um-rafraena-fylgisedla-med-lyfjum-afhent-i-Brussel/</p>

Í bréfinu eru rakin rök málsins, en í upphafi þess segir „The Ministers of Health in Denmark, Finland, Iceland, Norway and Sweden suggest that The Commission investigates if using only electronic leaflets should be an option for Member States. This would certainly help states with smaller language areas, wích currently can be unattractive to marketing authorization holders. It should be up to each Member State to decide on whether to introduce electronic leaflets only, or not, depending on the specific circumstances in that state.“

Þann 10. október 2019 áttu Áslaug Einarsdóttir (HRN), Valgerður Gunnarsdóttir (EK-S), Sív Friðleifsdóttir (EK-S) ástamt Christínu Springfieldt, skrifstofustjóra hjá Norrænu ráðherranefndinni og Astrid Utterström, sérfræðingi Norrænu ráðherranefndarinnar, fund með Dr. Florian Schmidt og Sara Rafael Almeida frá framkvæmdastjórn ESB til að fylgja bréfinu eftir og fá upplýsingar um þá vinnu sem nú fer fram varðandi rafræna fylgiseðla.. Á næstu misserum þarf að halda áfram að fylgja bréfi norrænu heilbrigðisráðherranna eftir því bréfið er það skjal sem er mest haldfesta í varðandi innleiðingu nýs fyrirkomulags sem heimilar að styðjast eingöngu við rafræna fylgiseðla. Allir sem koma að hagsmunagæslu Íslands í málinu þurfa að þekkja vel til efni bréfsins.

Þann 17. október stóð Ísland fyrir fundi sérfræðinga um rafræna fylgiseðla, í tilefni formennsku í Norræna ráðherraráðinu, undir yfirskriftinni -Electronic patient information leaflets in medicines (E-PIL) and patient safety-. <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2019/10/18/Innleiðing-rafraenna-fylgisedla-med-lyfjum-mikilvaegt-hagsmunamal/>

Fundinum þarf að fylgja eftir.

Einnig er nauðsynlegt að vinna að framgangi málsins með því að halda áfram góðri þátttöku í samstarfi EES-ríkja á sviði lyfjamála hjá EMA, HMA og framkvæmdastjórn ESB s.s. með þátttöku á fundum lyfjanefndar framkvæmdastjórnarinnar (Pharmaceutical Committee) og í öðrum hópum sem sú nefnd hefur umboð til að skipa ad-hoc, eftir þörfum.

Staðfesting ráðherra



Eftirfylgni (fundir, símtöl, formlegar tillögur o.fl. – til útfyllingar við mat á árangri):


Forgangslisti ríkisstjórnar vegna hagsmunagæslu Íslands gagnvart ESB

2020

Málefni (á forstigi hjá framkvæmdastjórn ESB, vinnslustigi hjá ráðinu og Evrópuþinginu og ef þörf er á við undirbúning ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar) og málsnr.: Mál á forstigi hjá framkvæmdastjórn ESB.
Stutt lýsing á efni/markmið: Í bréfi frá forseta framkvæmdastjórnar ESB til framkvæmdastjóra vinnumála, kemur fram að framkvæmdastjórnin eigi að hefja vinnu við að semja og leggja fram lagatillögu sem tryggja á að allt launfólk innan ESB hafi sanngjörn lágmarkslaun (e. <i>fair minimum wage</i>). Þá kemur fram að útfærslan eigi að fara eftir hverju ríki fyrir sig, til að mynda hvort þetta verði útfært í kjarasamningum eða í landslögum. Á þetta að fara fram á tímabilinu 2020-2024. Sjá link hér: https://ec.europa.eu/commission/sites/beta-political/files/mission-letter-nicolas-schmit_en.pdf
Staða máls innan ESB: Málið er á forstigi hjá framkvæmdastjórn ESB og vinna við lagatillöguna að hefjast. Fram hefur þó komið að þetta verði sett fram í tilskipun.
Hvers vegna er málið á forgangslista? Málið varðar mögulega lagatillögu framkvæmdastjórnarinnar sem á að tryggja að allt launafólk innan ESB fái sanngjörn lágmarkalaun. Tillagan mun varða vinnumarkað á Íslandi og því er mikilvægt að fylgst sé náið með þróun tillögunnar út frá hagsmunum innlends vinnumarkaðar.
Helstu hagsmunaaðilar á Íslandi: Samtök aðila á vinnumarkaði.
Markmið með hagsmunagæslu Íslands: Að það náist að tryggja að sjónarmiðum, hvað varðar hagsmuni Íslands, verði komið á framfæri á meðan lagatillagan er enn í mótun, verði talin þörf á því.
Markhópur (stofnanir ESB, þ.á m. framkvæmdastjórn, ráðið og Evrópuþingið o.fl.): Framkvæmdastjórn ESB.
Tímamörk: Erfitt er að segja til um tímamörk en framkvæmdastjórn ESB miðar við að tillagan verði lögð fram á vormánuðum 2020.
Tengiliðir hjá ESB: DG Employment.
Tengiliður hjá EFTA-skrifstofunni: Hilde Arntzen.
Ráðuneyti sem annast hagsmunagæslu (tilgreina Reykjavík og/eða fulltrúa í Brussel): Félagsmálaráðuneytið í samstarfi við starfsmenn í sendiráðinu í Brussel.
Skrifstofa ráðuneytis sem annast hagsmunagæslu: Skrifstofa vinnumarkaðar og starfsendurhæfingar, félagsmálaráðuneytið.
Hvernig skal hagsmuna gætt? Á meðan málið er á forstigi hjá framkvæmdastjórn ESB mun Ísland geta nýtt sér þátttöku sína í norrænu samstarfi á sviði vinnumála til að koma sjónarmiðum á framfæri sameiginlega með hinum Norðurlöndunum en þar fara einnig fram umræður um þessi mál. Þá mun ráðuneytið til að mynda koma sjónarmiðum sínum á framfæri við framkvæmdastjórnina, m.a. í gegnum vinnuhóp EFTA. Ef að lagatillögu verður, mun ráðuneytið fylgjast með þróun

málsins og framvindu þess í ráðherraráðinu og á Evrópuþinginu. Ráðuneytið mun enn fremur eiga virkt samráð við samtök aðila á vinnumarkaði en þau taka þátt í umræðunni erlendis, það er segja á grundvelli ETUC og Buisness Europe. Þá mun ráðuneytið taka þátt í því formlega samráði sem stendur til boða þegar lagatillögur eru lagðar fram innan framkvæmdastjórnar ESB og leggja tímanlega fram tillögur/umsagnir sem taka mið af hagsmunum Íslands.

Staðfesting ráðherra




Eftirfylgni (fundir, símtöl, formlegar tillögur o.fl. – til útfyllingar við mat á árangri):

Forgangslisti ríkisstjórnar vegna hagsmunagæslu Íslands gagnvart ESB

2020

<p>Málefni (á forstigi hjá framkvæmdastjórn ESB, vinnslustigi hjá ráðinu og Evrópuþinginu og ef þörf er á við undirbúning ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar) og málsnr.: COM (2016) 815. Tillaga um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa milli aðildarríkjanna og á nr. 987 /2009 um framkvæmd fyrrnefndu reglugerðarinnar. Almannatryggingareglugerðirnar eru hluti EES-samningsins.</p>
<p>Stutt lýsing á efni/markmið:</p> <p>Lagðar eru til breytingar á ákvæðum almannatryggingareglugerðanna um rétt til atvinnuleysisbóta við för milli ríkjanna, bætur vegna langtímaumönnunar, almannatryggingar útsendra starfsmanna og aðgengi fólks, sem ekki er virkt á vinnumarkaði en sem fer á milli ríkjanna, að tilteknum félagslegum bótum við dvöl í öðru ríki. Tillagan miðar að því að auka og styrkja réttindi þeirra sem fara á milli ríkjanna eða sækja vinnu yfir landamæri til bóta og greiðslna á sviði almannatrygginga.</p>
<p>Staða máls innan ESB:</p> <p>Samkomulag liggur fyrir í ráðinu um tillöguna í heild (general approach, EPSCO júní 2018) sem felur í sér töluverðar breytingar frá upphaflegu tillögunni. Evrópuþingið samþykkti í desember 2018 að hefja samingaviðræður við ráðið og þríhliða viðræður hófust í janúar 2019. Bráðabirgðasamkomulag náðist í mars 2019 sem ekki reyndist svo vera meirihluti fyrir meðal aðildarríkjanna. Ágreiningur er aðallega um atvinnuleysisbætur, framlengingu greiðslutímabils atvinnuleysisbóta úr landi og samlagningu tryggingartímabila til að öðlast bótarétt svo og um útsenda starfsmenn. Kosid hefur verið nýtt þing og ný framkvæmdastjórn er að taka við. Óvíst var vorið 2019 hvort haldið yrði áfram með málið en í nóvember 2019 hófust þríhliða viðræður að nýju í formennskutíð Finnlands.</p>
<p>Hvers vegna er málið á forgangslista?</p> <p>Almannatryggingareglugerðirnar eru felldar undir EES-samninginn í heild sinni. Við þær eru margir viðaukar með sérbókunum og aðlögunum ríkjanna.</p> <p>Tillagan</p> <ul style="list-style-type: none">• varðar breytingar á gildandi almannatryggingareglum við för eða flutning milli EES-ríkjanna• kann að leiða til þess að breyta þurfi íslenskum lögum á sviðum er reglugerðirnar taka til• getur leitt til þess að fara þurfi fram á aðlögun/sérbókanir við breytingareglugerðina• leiðir til þess að semja þarf um aðlögun við tiltekna nýja/breytta viðauka við reglugerðirnar• getur leitt til þess að taka þurfi upp Norðurlandasamninginn um almannatryggingar.
<p>Helstu hagsmunaaðilar á Íslandi:</p> <p>Stjórnvöld og þeir einstaklingar sem nýta sér frjálsa för milli Íslands og annarra EES-ríkja</p>
<p>Markmið með hagsmunagæslu Íslands:</p> <p>Þar eð óvíst er hver endanleg niðurstaða málsins verður er nauðsynlegt fyrir hagsmuni Íslands að fylgjast vel með þróun málsins og niðurstöðu þess til að geta betur metið líkleg áhrif tillögunnar hér á landi verði hún samþykkt, þar með talið</p> <ul style="list-style-type: none">• á innlenda löggjöf, t.d. hvað varðar þörf á lagabreytingum• á réttindi fólks sem nýtir sér frjálsa för• á útgjöld ríkissjóðs

Ennfremur til þess að undirbúa tillögur og tryggja nauðsynlega aðlögun eftir atvikum í drögum að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
Markhópur (stofnanir ESB, þ.á.m. framkvæmdastjórn, ráðið og Evrópuþingið o.fl.):
<ul style="list-style-type: none"> • Á vinnslustigi: Framkvæmdastjórnin, ráðið og Evrópuþingið • Þegar gerðin hefur verið samþykkt: EEAS og ESB við samningu draga að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og aðlögun við gerðina sjálfa og/eða viðaukana með henni.
Tímamörk:
Stefna ber að því að drög að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar liggja fyrir eins fljótt og unnt er eftir að gerðin hefur verið samþykkt af ESB
Tengiliðir hjá ESB:
DG Employment, Social Security D2, David Dion
Tengiliður hjá EFTA-skrifstofunni:
Hilde Arntzen
Ráðuneyti sem annast hagsmunagæslu (tilgreina Reykjavík og/eða fulltrúa í Brussel):
Félagsmálaráðuneytið ásamt heilbrigðisráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti. Málið varðar málaflokka sem falla undir þessi ráðuneyti.
Skrifstofa ráðuneytis sem annast hagsmunagæslu:
Skrifstofa húsnæðis og lífeyrismála
Hvernig skal hagsmuna gætt?
Lögð er áhersla á að fylgjast vel með þróun málsins í gegnum vinnu EFTA-vinnuhópsins um almannatryggingar, á fundum framkvæmdaráðs ESB um samræmingu almannatryggingakerfa sem hefur yfirumsjón með almannatryggingareglugerðunum og Ísland hefur áheyrnaraðild og sækir alla fundi sem og í gegnum vinnu í norrænu almannatrygginganefndina en norrænt samstarf á þessu sviði er mjög mikilvægt fyrir Ísland.
Staðfesting/ráðherra


Eftirfylgni (fundir, símtöl, formlegar tillögur o.fl. – til útfyllingar við mat á árangri):